



Afbrot á höfuðborgarsvæðinu

Dreifing tilkynntra brota eftir svæðum og reynsla íbúa af lögreglu, öryggi og afbrotum



Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Afbrot á höfuðborgarsvæðinu

Dreifing tilkynntra brota eftir svæðum og
reynsla íbúa af lögreglu, öryggi og
afbrotum

Upplýsinga- og áætlanadeild 2007

Rannveig Þórisdóttir
Benjamín Gíslason

©2007 Höfundar

ISBN: 978-9979-9841-0-8

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósritun, ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, nema að fengnu skriflegu leyfi höfunda og útgefenda.

Útgefandi: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
www.lrh.is

Umsjón og ábyrgð: Upplýsinga- og áætlanadeild
Rannveig Þórisdóttir
Benjamín Gíslason

Myndir: Júlíus Sigurjónsson, Foto.is sf.

Prentun: Gutenberg
Reykjavík, október 2007

Inngangur lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók formlega til starfa 1. janúar 2007. Stofnun embættisins var einn liður í áætlun Björns Bjarnasonar dóms- og kirkjumálaráðherra um nýskipan lögreglumála, sem meðal annars fólst í fækkun og stækkun lögregluumdæma í landinu. Markmiðið með nýskipan lögreglumála er að efla og styrkja lögregluna á alla lund og gera hana betur í stakk búna til að takast á við lögbundin verkefni sín og standa undir þeim vaxandi kröfum sem gerðar eru til hennar í samfélaginu.



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu markaði sér í upphafi þá grundvallarstefnu að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa, starfa og dvelja á höfuðborgarsvæðinu. Til þess að vinna að þeim markmiðum var teft fram nokkrum lykiláhersluatriðum svo sem aukinni sýnilegri löggæslu, efltri hverfa- og grenndarlöggæslu og markvissri miðlun upplýsinga til almennings um stöðu mála. Þessi áhersluatriði ásamt fleirum eiga að skila okkur þeim árangri að auka öryggi borgara með fækkun afbrota á tilgreindum sviðum og einnig aukinni öryggistilfinningu þeirra sem búa, starfa og dvelja á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægi þess að auka öryggi er ótvírætt en það er ekki síður mikilvægt að öryggistilfinning íbúa aukist samhliða. Árangur hvað hið síðarnefnda varðar er að mörgu leyti erfitt að mæla auk þess sem öryggistilfinning virðist ekki endilega vera í beinu samhengi við raunverulegt öryggi og afbrotatíðni. Markviss upplýsingamiðlun af hálfu lögreglu um stöðu mála, skipulag lögreglu, aðgerðir hennar til að takast á við fyrirliggjandi vandamál og miðlun

upplýsinga um slíkar aðgerðir og árangur þeirra, skipta miklu máli ef auka á öryggistilfinningu íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Einn lykilþátturinn í starfsemi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er starfræksla sérstakrar upplýsinga- og áætlanadeildar sem hefur það hlutverk m.a. að vinna úr margvíslegum upplýsingum og greina þær í því skyni að undirbúa sem best ákvarðanatöku og stefnumörkun á öllum starfssviðum embættisins. Skýrsla þessi, sem unnin er af deildinni hefur að geyma margvíslegan fróðleik og upplýsingar sem eru lögreglunni nauðsynlegar við skipulagningu sinna starfa og forgangsröðun verkefna. Skýrslan hefur m.a. að geyma upplýsingar um afbrotatíðni á mismunandi svæðum höfuðborgarsvæðisins árin 2005 og 2006, auk annarra upplýsinga á borð við íbúafjölda og félagslega stöðu. Þá er einnig að finna í skýrslunni niðurstöður rannsóknar á viðhorfum og reynslu íbúa af afbrotum, m.a. hvaða brot íbúar telji vera mesta vandamálið í sínu hverfi og hvernig þeir meti eigið öryggi, bæði í sínu hverfi og í miðborg Reykjavíkur. Í skýrslunni eru afbrot borin saman milli svæða og leitast við að meta áhrif íbúafjölda á tíðni þeirra.

Þær upplýsingar og niðurstöður sem birtast í þessari skýrslu eru lögreglunni mikilvægt leiðarljós í hennar störfum og um leið grundvöllur mælinga á árangri af starfsemi hennar til framtíðar litið, enda má segja að hér sé um að ræða úttekt á stöðu mála eins og hún er þegar nýtt embætti tekur til starfa. Áfram verður fylgst með þróun mála og staðan metin að ári liðnu. Niðurstöður skýrslunnar eru ekki einungis áhugaverðar fyrir lögregluna heldur einnig fyrir alla þá aðila sem vinna að því að efla velferð og öryggi almennings. Að því mikilvæga verkefni vinnur lögreglan ekki ein heldur í góðri samvinnu við fjölmarga aðila, þar á meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins.

11. október 2007

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

Efnisyfirlit

INNGANGUR LÖGREGLUSTJÓRANS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU.....	5
HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	9
INNGANGUR.....	12
POLENDUR AFBROTA Á ÍSLANDI.....	13
AFBROT Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU.....	14
AÐFERÐIR OG GÖGN	16
RANNSÓKN Á VIÐHORFUM TIL LÖGREGLU OG REYNSLU AF AFBROTUM	17
AFBROT EFTIR SVÆÐUM	19
VESTURBÆR	19
MIÐBORGIN	22
HLÍÐAR	24
LAUGARDALUR	25
HÁALEITI.....	28
ÁRBÆR - GRAFARHOLT OG NORÐLINGAHOLT.....	30
BREIÐHOLT	33
GRAFARVOGUR.....	35
SELTJARNARNES.....	37
MOSFELLSBÆR - KJALARNES - KJÓS.....	39
KÓPAVOGUR	41
GARÐABÆR	43
ÁLFTANES.....	44
HAFNARFJÖRÐUR	46
REYNSLA ÍBÚA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS AF LÖGREGLU OG AFBROTUM....	48
HVAÐA BROT TELUR ÞÚ VERA MESTA VANDAMÁLID Í ÞÍNU HVERFI?	48
VIÐHORF TIL STARFA LÖGREGLU OG SÝNILEIKA HENNAR	50
ÓTTI VIÐ AFBROT	54
REYNSLA AF AFBROTUM	60
SAMANBURÐUR MILLI SVÆÐA.....	65
HEGNINGARLAGABROT	65
OFBELDISBROT	67
FÍKNIEFNABROT	69
INNBRÖT	71
EIGNASPJÖLL	73
NYTJASTULDUR	76
KYNFERÐISBROT	78

SAMANTEKT.....	80
HEIMILDIR	85
VIÐAUKI	87
EFNAHAGSSTAÐA.....	87
FJÖLDI BROTA MIÐAÐ VIÐ ÍBÚAFJÖLDA.....	90
FJÖLDI BROTA OG HLUTFALL	98



Helstu niðurstöður

Í þessari skýrslu eru skoðaðar ólíkar upplýsingar um afbrot á höfuðborgarsvæðinu, viðhorf íbúa til lögreglu og mat þeirra á eigin öryggi. Annars vegar byggir skýrslan á opinberum gögnum um fjölda afbrota eftir svæðum¹ á árunum 2005 og 2006, íbúafjölda, tekjum og félagslegum stuðningi. Hins vegar er byggt á niðurstöðum rannsóknar sem gerð var meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins vorið 2007 þar sem spurt var um reynslu af afbrotum, viðhorf til lögreglu og mat á eigin öryggi. Hér eru helstu niðurstöður skýrslunnar dregnar saman.

- Kópavogur er fjölmennasta svæði umdæmisins, en á Álftanesi eru hlutfallslega flestir íbúar yngri en 20 ára.
- Hlutfallslega flestir íbúar í Breiðholti þáðu félagslega aðstoð árið 2005, þar er hæst hlutfall félagslegra íbúða og meðaltekjur íbúa í hverfinu voru einnig lægstar. Meðaltekjur voru hæstar á Seltjarnarnesi árið 2005.
- Aðspurðir um það hvaða afbrot þátttakendur teldu mesta vandamálið í sínu hverfi nefndu flestir innbrot (33%), 25 prósent nefndu umferðarlagabrot og 20 prósent eignaspjöll.
- Umferðarlagabrot voru íbúum Hlíðahverfis ofarlega í huga og töldu um 38 prósent þeirra að það væri mesta vandamálið í þeirra hverfi og sama sögðu um 36 prósent þátttakenda sem búsettir voru í Árbæ og Grafarholti.

¹ Hér er átt við þau 18 svæði sem lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur skipt embættinu í. Vegna smæðar sumra þeirra voru svæði felld saman og er því alla jafna í skýrslunni fjallað um 14 svæði.

- Íbúar í Mosfellsbæ og Kjalarnesi og í Garðabæ og Álftanesi töldu innbrot vera mesta vandamálið (57%), sama sögðu 45 prósent þátttakenda sem búsettir voru í Vesturbæ og Seltjarnarnesi og 29 prósent í Grafarvogi.
- Eignaspjöll var sá brotaflokkur sem íbúar Breiðholts töldu vera mesta vandamálið í sínu hverfi en um 28 prósent þátttakenda nefndu það.
- Þátttakendur voru almennt ánægðir með störf lögreglu í sínu hverfi til að stemma stigu við afbrotum. Þátttakendur búsettir í Árbæ og Grafarholti voru einna ánægðastir með störf lögreglunnar í sínu hverfi en þátttakendur búsettir í Miðborginni voru líklegastir til að vera óánægðir með störf lögreglu í sínu hverfi.
- Rúmlega 44 prósent þeirra sem tóku afstöðu töldu lögregluna hæfilega sýnilega í sínu hverfi en rúmlega 55 prósent töldu hana mega sjást meira eða mun meira.
- Konur vildu almennt hafa lögregluna sýnilegri en karlar og þátttakendur í eldri aldurshópunum voru líklegri en þeir sem yngri eru til að segja hana mega vera sýnilegri.
- Mikill meirihluti þátttakenda, eða rúmlega 90 prósent, sagðist mjög eða frekar öruggur einn á gangi að næturlagi í sínu hverfi.
- Íbúar Grafarvogs töldu sig einna öruggasta á gangi í sínu hverfi en Íbúar Breiðholts og Miðborgar töldu sig hins vegar einna óöruggasta á gangi eftir að myrkur er skolið á.
- Meirihluti þátttakenda sagðist mjög eða frekar óöruggir einir á gangi í miðborg Reykjavíkur. Karlar töldu sig vera mun öruggari en konur við fyrrgreindar aðstæður og yngri aldurshóparnir töldu sig vera öruggari en þeir sem eldri eru.

- Athygli vekur að töluverður munur er á upplifun fólks á öryggi í miðborg Reykjavíkur eftir því á hvaða svæði það býr. Íbúar Garðabæjar töldu sig vera einna óöruggasta á gangi í miðborg Reykjavíkur eftir að myrkur væri skolið á. Íbúar í miðborginni voru hins vegar líklegastir til að segjast mjög eða frekar öruggir þar.
- Í heildina sögðu rúmlega 13 prósent þátttakenda að þeir hefðu talið líkur á að þeir yrðu fyrir afbroti árið 2006. Nefndu flestir innbrot í þessu sambandi eða ofbeldi eða líkamsárás.
- Tæplega 18 prósent þátttakenda höfðu orðið fyrir innbroti/þjófnaði, ofbeldi eða eignaspjöllum árið 2005.
- Flestir höfðu orðið fyrir eignaskemmdum eða tæplega 12 prósent þátttakenda, þar á eftir voru það innbrot eða þjófnaður en tæplega sjö prósent þátttakenda höfðu orðið fyrir þessum brotum.
- Meira en helmingur þátttakenda sagðist hafa tilkynnt brotið til lögreglu.
- Í heildina hafði þriðjungur þátttakenda samskipti við lögregluna á síðustu 12 mánuðum. Flestir höfðu samband við lögreglu til að tilkynna um ýmiss konar ólöglegt athæfi, veikindi eða annað sem varð til þess að þeir eða aðrir þörfnuðust aðstoðar lögreglu. Þá var tæplega fjórðungur samskiptanna vegna afbrota ýmiss konar eins og fíkniefnaneyslu, ofbeldis eða eignaspjalla.

Inngangur

Tengsl umhverfis og afbrota eru vel þekkt innan afbrotafræðinnar enda jafnan litið svo á að afbrot dreifist ekki tilviljanakennt yfir svæði heldur hafi ýmsir þættir áhrif á það hvar mismunandi afbrot eru líklegust til að eiga sér stað (Shaw og Mckey, 1942). Felson og Clarke (1998) hafa einnig bent á þátt tækifæris í þessu sambandi enda nauðsynlegt, til að mynda í auðgunarbrotum, að til staðar sé verðmætur hlutur, sem er ekki vel varinn, hann sé sýnilegur og aðgengilegur.

Rannsóknir hafa einnig bent til þess að félags- og lýðfræðilegar breytur hafi mikil áhrif á hverjir eiga einna helst á hættu að verða þolendur brota (Glick, 2005). Karlar verða t.a.m. frekar en konur fyrir líkamsárásam og ráni. Konur verða aftur á móti mun frekar þolendur kynferðisbrota. Einnig þekkja konur frekar árásaraðilann en karlar. Í heildina verða karlar fyrir fleiri afbrotum en konur og á það við um allar tegundir glæpa nema kynferðisbrot (Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir, 2005).

Í opinberum gögnum yfir þolendur brota sést að ungt fólk er í meiri áhættu að verða fórnarlamb en eldra fólk. Eftir 25 ára aldur dregur mjög úr þessari áhættu (Catalano, 2004). Þó verður eldra fólk í ríkara mæli þolendur tiltekinna brota sem tengjast félagsstöðu þess. Svik, töskubjófnaður, misnotkun og vanræksla þegar þeir eru í umsjá annarra einkennir t.a.m. þennan aldurshóp meira en yngra fólk.

Einnig hefur komið í ljós að hjúskaparstaða hefur áhrif á líkurnar á því að verða fyrir broti. Ógiftir eru í mun meiri áhættu en giftir, en ekkjur og ekkjar eru þó í minnstri hættu en aldur og lífsstíll skýrir vafalítið þennan mun. Ungt fólk og ógift er í mun meiri hættu en þeir sem eldri eru og sækir meira opinbera staði en eldra fólk, og það virðist auka líkurnar á að verða fyrir afbroti. Ekkjur og ekkjar eru meira heima við að kvöldlagi en aðrir og því í minni áhættu (Siegel, 2004).

Stór þáttur í rannsóknum á reynslu af afbrotum hefur falist í að skoða mat á eigin öryggi. Rannsóknir benda til að ótti við afbrot nái til mun stærri hóps en þeirra sem hafa orðið fyrir afbrotum eða eiga eftir að verða fyrir þeim síðar á lífsleiðinni (Zedner, 1997), enda hafa mun fleiri þættir

en afbrot áhrif á mat einstaklinga á eigin öryggi (sjá m.a. Balvig, 1990). Traust til lögreglu virðist þannig geta dregið úr ótta við afbrot (Ho og McKean, 2004) en umhverfi sem ber merki vanhirðu og félagslegrar upplausnar getur hins vegar ýtt undir ótta borgaranna (Lewis og Salem, 1986; Skogan, 2000), ekki síst í tengslum við fjölmiðla sem oft virðast magna skelfingarástand af þessu tagi vegna meintra glæpa í samfélaginu (Cohen, 1980). Frétttaflutningur af afbrotum virðist því geta haft áhrif á ótta almennings við þau (Rosenbaum og Heath, 1990), sér í lagi hvað varðar hugmyndir borgaranna um það hversu algeng og alvarleg afbrot eru í samfélaginu (sjá m.a. Roberts og Stalans, 1997; Surette, 1992). Þó ber að hafa í huga að þarna er ekki um einfalt samband að ræða enda er það ekki bara frétttaflutningurinn sem slíkur sem skiptir máli heldur einnig skynjun og túlkun þess sem fær upplýsingarnar (Ditton, Chadee, Farall, Gilchrist og Bannister, 2004; Weitzer og Kubrin, 2004).

Þolendur afbrota á Íslandi

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi á þolendum afbrota. Í rannsókn frá 1989 kom fram að 14 prósent svarenda sögðu að þeir eða einhver í fjölskyldu þeirra hefði orðið fórnarlamb afbrota á síðustu sex mánuðum fyrir rannsóknina (sjá Gunnlaugsson og Galliher, 2000). Í sömu rannsókn kom fram að tæpur helmingur þeirra sagðist hafa orðið fyrir skemmdum á eignum og rúmur þriðjungur fyrir auðgunarbroti. Árið 1994 var könnunin endurtekin og að þessu sinni var miðað við hversu margir hefðu orðið fyrir afbroti síðustu 12 mánuði fyrir mælinguna. Þá sagði 21 prósent svarenda að þeir eða einhver í fjölskyldu þeirra hefði orðið þolandi afbrota á þessu tímabili. Rúmur þriðjungur sagðist hafa orðið fyrir auðgunarbroti og svipað hlutfall fyrir eignaskemmdum. Í báðum mælingunum sögðust fleiri karlar en konur hafa orðið fyrir afbrotum. Átti það við um allar tegundir brota nema fjársvik í viðskiptum þar sem álíka margir karlar og konur sögðust hafa orðið fyrir þeim. Auk þess voru fleiri þolendur brota búsettir á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni í báðum mælingunum. Nokkuð viðameiri rannsókn frá árinu 2005 sýndi svipaða niðurstöðu, en fram kom að um helmingur þátttakenda sagði að þeir eða einhver í fjölskyldu þeirra hefði orðið fyrir afbroti á síðustu fimm árum, þar

af 22 prósent árið 2004 (Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir, 2005).

Í rannsókn sem gerð var meðal íbúa í Reykjavík, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi árið 2001 kom fram að þrjú prósent þátttakenda höfðu orðið fyrir ofbeldisbroti árið 2000, níu prósent fyrir innbroti eða þjófnaði og 15 prósent fyrir eignaskemmdum (Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, 2001).

Afbrot á höfuðborgarsvæðinu

Árið 2006 voru 9.666 hegningarlagabrot tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er nokkur aukning frá árinu á undan er 7.742 brot voru skráð. Hafa ber í huga að árið 2005 var nýtt tölvukerfi tekið í notkun hjá lögreglu og gæti það skýrt þessa fjölgun brota milli ára.

Árið 2006 voru 828 ofbeldisbrot kærð og er það um 16 prósent aukning frá árinu 2005. Mest aukning var í minniháttar líkamsárásam er varða við 217 gr.hgl. eða um 27 prósent. Hins vegar fækkaði meiriháttar og stórfelldum líkamsárásam er varða við 1. og 2. málsgreinar 218 gr.hgl., um 42 prósent. Líkamsárásam, líkamsmeiðingum af gáleysi er varða við 219 gr.hgl. fækkaði einnig um 78 prósent.

Heildarfjöldi fíkniefnabrota jókst talsvert á milli áranna 2005 og 2006, eða úr 1.111 fíkniefnabrotum árið 2005 í 1.398 brot árið 2006. Þetta er aukning um 25 prósent á milli ára. Mesta aukningin var í vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna en þeim fjölgaði úr 958 málum árið 2005 í 1.228 mál árið 2006 sem er 28 prósent aukning á milli ára.

Fjöldi auðgunarbrota jókst um rúm 14 prósent á milli áranna 2005 og 2006. Mest var aukning í þjófnaðarmálum og þá sérstaklega þjófnaði á reiðhjólum sem jókst um 127 prósent á milli ára. Vera má að breytingar í skráningu skýri þetta en árið 2005 var byrjað að flokka þjófnaðarbrot nánar eftir því hverju var stolið.

Innbrotum fjölgaði einnig nokkuð milli áranna 2005 og 2006 og alls voru kærð 1.916 innbrot á höfuðborgarsvæðinu árið 2006 sem er aukning um tæp 9 prósent á milli ára.

Eignaspjöllum hefur verið skipt í tvo flokka. Minniháttar eignaspjöll eru brot eins og veggjakrot, rúðubrot og minniháttar skemmdir á bifreiðum s.s. rispur og spegilbrot. Undir meiriháttar eignaspjöll falla brot eins og

meiriháttar skemmdir á bifreiðum eða húsnæði. Tíðni eignaspjalla hefur aukist talsvert á höfuðborgarsvæðinu milli árana 2005 og 2006. Árið 2005 voru tilkynnt 1.425 eignaspjöll en 2.313 árið 2006 og er það aukning um 62 prósent.

Samkvæmt rannsóknnum er þjófnaður á ökutækjum það brot sem oftast er tilkynnt til lögreglu eða í 94 prósent tilvika (Rannveig Þórisdóttir o.fl., 2005). Þetta háa hlutfall tilkynninga til lögreglu helgast líklegast einkum af bótakröfu eiganda ökutækis til tryggingarfyrirtækja, því ekki er bætt tjón nema lögregluskýrsla sé fyrirliggjandi. Töluverð aukning varð á fjölda nytjastulda á milli árana 2005 til 2006 í umdæmi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Þannig voru tilkynnt 231 brot árið 2005 en fjölgaði í 355 árið 2006, sem er aukning um tæp 54 prósent. Kærum vegna kynferðisbrota fjölgaði einnig um rúm 7 prósent á milli árana 2005 og 2006 eða úr 137 brotum árið 2005 í 147 brotum árið 2006.

Í þessari skýrslu eru skoðuð brot eftir vettvangi í nokkrum brotaflokkum innan umdæmis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir árin 2005 og 2006 og viðhorf og reynsla íbúa umdæmisins af afbrotum. Í fyrsta hluta skýrslunnar er fjallað um stöðu brota innan hvers hverfis, félagslega stöðu og íbúafjölda. Í öðrum hluta er fjallað um niðurstöður rannsókna á viðhorfum og reynslu íbúa höfuðborgarsvæðisins af afbrotum. Skoðaðar eru niðurstöður úr hverri spurningu fyrir sig og skoðuð viðhorf eftir kyni, aldri og búsetu. Í þriðja hluta skýrslunnar eru afbrot borin saman milli hverfa og leitast við að meta áhrif íbúafjölda á tíðni þeirra. Í samantekt eru niðurstöður skýrslunnar dregnar saman og leitast við að meta stöðu afbrota á höfuðborgarsvæðinu út frá þessum tveimur gagnasöfnum.

Aðferðir og gögn

Gögnin sem hér eru notuð byggja á tvenns konar upplýsingum. Annars vegar er um að ræða upplýsingar úr málaskrá lögreglunnar sem veita upplýsingar um fjölda tilkynntra brota og hins vegar niðurstöður úr spurningalistakönnun sem veita innsýn í viðhorf og reynslu íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Í upplýsingum úr málaskrá eru talin öll þau mál sem tilkynnt eru til lögreglunnar á ákveðnu tímabili og skráð eru í hverfi innan umdæmis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Þegar hlutfall brota innan hverfa er reiknað er það gert út frá heildarfjölda mála hvort sem brotastaður er þekktur eða ekki. Að öllu jöfnu er vettvangur brota þekktur og aðeins lítill hluti mála þar sem brotastaður er ekki þekktur. Í öllum tilfellum er tíðni brota skoðuð út frá vettvangi brotanna en ekki búsetu brotamanna.

Við túlkun á niðurstöðum þarf að hafa ýmsa fyrirvara í huga, svo sem hvað varðar skekkju í skráningu. Í málaskrá skrá margir aðilar og því er hætt við að skráning sé ekki alltaf eins. Einnig getur það haft áhrif að lögregla tók upp nýtt skráningarkerfi við upphaf árs 2005 en leitast hefur verið við að hafa tölur eins sambærilegar og gerlegt er. Það verður líka að hafa það í huga að í málaskrá lögreglu eru eingöngu brot sem tilkynnt hafa verið til lögreglu. Þannig er ekki um að ræða tæmandi lista yfir öll brot sem framin eru á höfuðborgarsvæðinu.

Gögn um mannfjölda á höfuðborgarsvæðinu og um meðal atvinnutekjur árið 2005 byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Íbúafjöldi er miðaður við tölur frá 31. desember ár hvert. Meðalatvinnutekjur eru beinar skattskyldar launatekjur fyrir vinnuframlag í aðalstarfi auk dagpeninga og ökutækjastyrks. Enginn sem er yngri en 12 ára telst hafa atvinnutekjur (Hagstofa Íslands, 2007).

Gögn um fjárhagslega og félagslega aðstoð voru fengin frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og starfsmönnum félagsþjónustu sveitarfélaganna. Gögn voru þó einnig unnin upp úr ársskýrslum Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði og Garðabæ fyrir árið 2005.

Upplýsingar um fjölda félagslegra íbúða í eigu Félagsbústaða ehf. fyrir hönd Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaganna voru fengnar af vefsíðu og úr ársskýrslum þeirra. Upplýsingar um fjölda íbúða í hverju hverfi og sveitarfélagi voru fengnar frá Fasteignamatí ríkisins af vefsíðu þeirra og einnig var fjöldi íbúða í hverfum, stærð hverfa o.fl. byggt á upplýsingum úr Borgarvefsjá sem er á vef Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar.

Við vinnslu á gögnunum var ákveðið að fylgja hverfaskiptingu Reykjavíkurborgar þó var skiptingin aðeins frábrugðin opinberri skiptingu. Árbær, Grafarholt og Norðlingaholt voru tekin saman í eitt hverfi og Kjalarnes og Kjós teljast með Mosfellsbæ, að öðru leyti er skiptingin eins og hjá Reykjavíkurborg. Við skiptingu á öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu var stuðst við sveitarfélagsnúmer.

Rannsókn á viðhorfum til lögreglu og reynslu af afbrotum

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um framkvæmd spurningalistakönnunarinnar. Könnunin var í formi símaviðtala sem fóru fram dagana 12. apríl til 1. maí 2007. Úrtak var valið með tilviljunaraðferð úr Þjóðskrá íbúa á höfuðborgarsvæðinu 18 til 75 ára. 2.400 einstaklingar voru í upphaflegu úrtaki en af þeim tóku 1.441 þátt í könnuninni, svarhlutfall var því um 61%.

Leitast var við að fá upplýsingar um viðhorf þátttakenda til lögreglu til dæmis með því að spyrja „hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í hverfi þínu til að stemma stigu við afbrotum?“ og „telur þú að lögreglan ætti að sjást meira í þínu hverfi, sjást minna eða finnst þér hún vera hæfilega sýnileg?“ Einnig var leitast við að meta stöðu brota eftir svæðum með því að spyrja þátttakendur að því hvaða afbrot þeir teldu mesta vandamálið í sínu hverfi.

Ótti við afbrot var mældur með spurningum um ótta við að vera einn á gangi, annars vegar í eigin hverfi og hins vegar í miðborg Reykjavíkur. Þátttakendur voru einnig spurðir um það hversu oft á síðasta ári þeir hafi talið líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti.

Í rannsókninni var einnig spurt út í reynslu þátttakenda af innbroti, eignaspjöllum og ofbeldi á síðustu 12 mánuðum og hvort brotin voru

tilkynnt til lögreglunnar. Brotin voru ekki skilgreind nánar þannig að þátttakendur svöruðu miðað við eigin upplifun af brotunum.



Afbrot eftir svæðum

Höfuðborgarsvæðið hefur þanist töluvert út síðasta áratug bæði hvað varðar fjölgun íbúa og eins að stærð. Í árslok 2006 voru íbúar höfuðborgarsvæðisins orðnir 191.737 og hafði þá fjölgað um 2,3 prósent frá árslokum, sem þýðir að um 373 einstaklingar flytja að meðaltali á mánuði til höfuðborgarsvæðisins umfram þá sem flytja brott. Árið 2005 voru 72.428 íbúðarhúsnæði skráð á höfuðborgarsvæðinu og af þeim voru félagslegar íbúðir um 2.223 eða um þrjú prósent af íbúðarhúsnæði svæðisins. Meðalatvinnutekjur 12 ára og eldri á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2005 voru 3.254.000 í heildarlaun á ári.

Hér á eftir verður fjallað um hvert svæði höfuðborgarsvæðis fyrir sig þar sem fram koma helstu einkenni þess hvað varðar byggð, fjölda íbúa, hlutfall íbúa yngri en 20 ára, fjölda einstaklinga og fjölskyldna sem fá fjárhagslega aðstoð frá borg eða sveitarfélagi, fjölda félagslegra íbúða í hlutfalli af heildaríbúðafjölda hverfis og meðalatvinnutekjur íbúa hverfis árið 2005. Þá er fjallað um fjölda afbrota sem tilkynnt voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árin 2005 og 2006 og áttu sér stað innan svæðisins.

Reykjavíkurborg er skipt opinberlega upp í 10 hverfi en hér er skiptingin aðeins frábrugðin opinberri skiptingu. Árbær, Grafarholt og Norðlingaholt eru tekin saman í eitt hverfi og Kjalarnes og Kjós teljast með Mosfellsbæ. Að öðru leyti er skiptingin eins og hjá Reykjavíkurborg. Höfuðborgarsvæðinu er því skipt í 14 svæði, átta tilheyra Reykjavík en hin sex skiptast eftir sveitarfélagsnúmeri hvers bæjarfélags.

Vesturbær

Vesturbær skiptist í tvö svæði sem eru samtals um 3,5 km² að flatarmáli og eru blanda af íbúðabyggð, háskólasvæði, veitinga- og skemmtistöðum og svo hafnarsvæði. Á svæði 1.1 voru búsettir 6.004 einstaklingar við árslok 2006, þar af 22 prósent yngri en 20 ára. Svæðið er norðan megin við Hringbrautina og þar er Landakot með hinni kaþólsku Kristskirkju og

Landakotsspítala. Þar er líka Grjótaþorpið þar sem nokkur elstu hús borgarinnar standa vestan megin við Kvosina. Fyrir norðan Vesturbæinn er Vesturhöfnin í Reykjavíkurborg með Grandagarði og Örfirisey. Fyrir utan Grandagarð eru Hólmasund og Hólmasker milli Grandans og Akureyjar.

Á svæði 1.2 voru búsettir 9.994 einstaklingar við árslok 2006, þar af voru 25 prósent yngri en 20 ára (tafla 1). Um er að ræða svæðið sunnan megin við Hringbrautina en þar standa mörg af húsum Háskólans og handan við þá stúdentagarðar og flugstöðin fyrir Reykjavíkflugvöll sem skilur milli Skildinganess (Stóra Skerjafjarðar) vestan megin og Litla Skerjafjarðar austan megin.


Samtals voru því búsettir 15.998 einstaklingar í Vesturbæ 31. desember 2006 og hafði fjölgað um 76 einstaklinga frá árinu 2005. Vesturbæingar eru um 8,3 prósent af heildar- íbúafjölda höfuðborgarsvæðisins.

Samkvæmt heimildum frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar nutu 346 einstaklingar eða fjölskyldur sem búsettar voru í Vesturbæ fjárhagslegar aðstoðar frá Reykjavíkurborg árið 2006. Samtals þáðu því 2,2 prósent íbúa svæðisins fjárhagsaðstoð sem er ívið hærra en meðalhlotfall fjárhagsaðstoðar sem er 1,8 prósent. Ástæður aðstoðar við einstaklinga og fjölskyldur voru af ýmsum toga svo sem veikindi (25%), atvinnuleysi (29%), lágar atvinnu- eða lífeyristekjur (18%), örorka (17%) og nám. Lengd aðstoðar í mánuðum var mjög mismunandi allt frá einum mánuði til árs. Nær helmingur þeirra sem fengu aðstoð (49%) fengu hana þó í þrjá mánuði eða skemur.

Félagsbústaðir ehf. eiga og reka félagslegar íbúðir í Reykjavík og er félagið í eigu Reykjavíkurborgar. Félagslegar íbúðir voru 181 í Vesturbæ við árslok 2006 og er það 2,5 prósent af u.þ.b. 7.128 íbúðum hverfisins. Meðalatvinnutekjur Vesturbæinga fyrir árið 2005 voru kr. 3.364.000 á ári sem gerir hverfið að öðru tekjuhæsta hverfi Reykjavíkur og fjórða tekjuhæsta svæði höfuðborgarsvæðisins.

Tafla 1. Fjöldi og hlutfall íbúa í Vesturbæ, greint eftir aldri.

	Fjöldi		Hlutfall	
	2005	2006	2005	2006
14 ára og yngri	3.095	3.045	19,4	19,0
15 – 19 ára	985	965	6,2	6,0
20 – 29 ára	3.030	3.102	19,0	19,4
30 – 49 ára	4.686	4.682	29,4	29,3
50 – 69 ára	2.626	2.730	16,5	17,1
70 ára og eldri	1.500	1.474	9,4	9,2
Samtals	15.922	15.998	100	100



Mynd 1. Hlutfall tilkynntra brota í Vesturbæ af heildarfjölda brota 2005 og 2006, greint eftir brotaflokki.

Hlutfall tilkynntra brota af heildarfjölda brota hefur haldist nokkuð svipað milli ára í Vesturbæ (mynd 1). Helst hafa orðið breytingar í fjölda kynferðisbrota, en þar sem jafnan er um mjög fá brot að ræða þá getur tilviljun ein ráðið slíkum sveiflum. Helsta breytingin milli ára er fjöldi eignaspjalla en þau fóru úr 129 brotum árið 2005 í 159 brot árið 2006 (tafla

v5). Þegar á heildina er litið áttu frá fjögur til ellefu prósent þeirra brota sem hér um ræðir sér stað í Vesturbæ á árunum 2005 og 2006.

Miðborgin


Svæði 2.1, Miðborgin, er um 3,6 km² og nær frá Suðurgötu í vestur að Snorrabraut í austur og milli strandlengjunnar í norðri til strandlengjunnar í suðri. Svæðið er blanda af íbúðabyggð, verslunum og veitinga- og skemmtistöðum. Í Miðborginni voru búsettir 8.153 einstaklingar í árslok 2006, þar af voru 16 prósent yngri en 20 ára. Miðborg Reykjavíkur, stundum nefnd Austurbær eða gamli Austurbær, er hverfi í Reykjavík þar sem er elsti hluti borgarinnar. Í Miðborginni er miðstöð stjórnáslu íslenska ríkisins. Þar eru Alþingishúsið, Stjórnarráðshúsið og Hæstiréttur Íslands. Flest ráðuneytin eru með skrifstofur sínar við Arnarhól og Reykjavíkurhöfn er fyrir norðan Kvosina. Í Miðborginni eru einnig helstu kennileiti borgarinnar eins og Tjörnin, þar sem Ráðhús Reykjavíkur er staðsett, og Hallgrímskirkja efst á Skólavörðuholti. Mikið mannlíf er í Miðborginni enda er þar stærsta verslunargatan á Íslandi, Laugavegurinn, með allar sínar séerverslanir og veitingastaði.

Íbúar Miðborgarinnar eru um 4,2 prósent af heildar íbúafjölda höfuðborgarsvæðisins. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitti 373 einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð árið 2006 sem er 4,6 prósent íbúa svæðisins. Þetta er nokkru hærra en meðal hlutfall veittrar aðstoðar á höfuðborgarsvæðinu sem er 1,8 prósent. Af þeim sem fengu fjárhagsaðstoð í Miðborginni fengu flestir (38%) aðstoð vegna atvinnuleysis, 24 prósent voru sjúklingar, 12 prósent vegna örorku, 10 prósent fengu styrk vegna lágra atvinnu-eða lífeyristekna og 16 prósent voru nemar eða fengu aðstoð vegna annar þátta. Stór hluti þeirra sem nutu aðstoðar fengu hana skemur en þrjá mánuði eða 48 prósent.

Árið 2006 var íbúðafjöldi í Miðborginni u.þ.b. 4.579. Af þeim voru um 100 íbúðir í eigu Félagsbústaða efh. eða um 2,2 prósent íbúða hverfisins. Íbúar Miðborgarinnar höfðu frekar lágar atvinnutekjur miðað við önnur hverfi í borginni en meðalatvinnutekjur þeirra voru kr. 3.018.000 fyrir árið 2005 og lenda þeir í þriðja neðsta sæti á höfuðborgarsvæðinu hvað það varðar.

Tafla 2. Fjöldi og hlutfall íbúa í Miðborg 2005 og 2006 greint eftir aldri.

	Fjöldi		Hlutfall	
	2005	2006	2005	2006
14 ára og yngri	980	993	12,3	12,2
15 - 19 ára	352	339	4,4	4,2
20 - 29 ára	1.917	1.978	24,1	24,3
30 - 49 ára	2.496	2.620	31,4	32,1
50 - 69 ára	1.423	1.465	17,9	18,0
70 ára og eldri	777	758	9,8	9,3
Samtals	7.945	8.153	100,0	100,0



Mynd 2. Hlutfall tilkynntra brota í Miðborg af heildarfjölda brota 2005 og 2006, greint eftir brotaflokki.

Mynd 2 sýnir hlutfall brota í Miðborginni af heildar fjölda brota. Fram kemur að nær 46 prósent tilkynntra ofbeldisbrota áttu sér stað í Miðborginni árið 2005 og tæplega 41 prósent árið 2006. Um og yfir fjórðungur þeirra fíkniefnabrota sem komu til kasta lögreglu áttu sér einnig stað á svæðinu og 17 til 18 prósent eignaspjalla. Hlutfall brota sem eiga sér stað á svæðinu af heildarfjölda tilkynntra brota er nokkuð svipað milli ára. Helst má sjá að hlutfall ofbeldisbrota hefur lækkað lítillega en að sama skapi hefur hlutfall innbrota hækkað.

Hlíðar

Hlíðar skiptast í tvö svæði samtals um 3,3 km² að flatarmáli. Í hverfinu eru Norðurmýri, Hlíðar, Hlemmur, Holt, Suðurhlíðar, Öskjuhlíð og Nauthólsvík

Svæði 2.2, Norðurmýri, Holt og Hlemmur, afmarkast af Snorrabraut og Kringlumýrabraut, Miklubraut og Laugavegi. Á þessu svæði er nær eingöngu íbúðarbyggð, þó er nokkuð um fyrirtæki og stofnanir og léttur iðnaður er á nyrsta hluta svæðisins. Íbúar svæðisins voru 6.415 í árslok 2006, þar af voru 18 prósent yngri en 20 ára.

Svæði 2.3, Hlíðar og Suðurhlíðar er nær eingöngu íbúðarhverfi, íbúar voru 4.530 við árslok 2006, þar af 27 prósent yngri en 20 ára. Samtals bjuggu 10.945 einstaklingar í Hlíðunum árið 2006 og hafði fjölgað um 1,4 prósent frá árinu 2005. Íbúar Hlíðahverfis voru því um 5,7 prósent af heildarfjölda þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu.


Alls fengu 213 einstaklingar eða fjölskyldur fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg og er það um 1,9 prósent íbúa Hlíðahverfis sem er svipað og meðaltal fjárhagsaðstoðar eftir svæðum. Ástæður aðstoðar voru einna helst atvinnuleysi (32%), 28 prósent voru sjúklingar, 14 prósent voru öryrkjar, níu prósent voru með lágar atvinnu- eða lífeyristekjur og 17 prósent voru í námi eða nefndu aðrar ástæður. Um 47 prósent þeirra sem fengu aðstoð fengu hana í þrjá mánuði eða skemur.

Um það bil 174 íbúðir af þeim 4.620 íbúðum sem eru í Hlíðarhverfi eru í eigu Félagsbústaða ehf. eða um 3,8 prósent íbúða. Meðalatvinnutekjur íbúa Hlíðahverfis voru kr. 3.140.000 fyrir árið 2005 og voru þær því með þeim lægstu á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 3. Fjöldi og hlutfall íbúa í Hlíðum, greint eftir aldri.

	Fjöldi		Hlutfall	
	2005	2006	2005	2006
14 ára og yngri	1.789	1.794	16,6	16,4
15 - 19 ára	588	601	5,4	5,5
20 - 29 ára	1.897	1.916	17,6	17,5
30 - 49 ára	3.061	3.137	28,4	28,7
50 - 69 ára	2.128	2.178	19,7	19,9
70 ára og eldri	1.329	1.319	12,3	12,1
Samtals	10.792	10.945	100,0	100,0

Mynd 3 sýnir hlutfall tilkynntra brota í Hlíðunum af heildarfjölda brota. Fram kemur að flest þeirra brota sem fjallað er um hér eru nokkuð fátíð á svæðinu en um tvö til níu prósent brota áttu sér stað í hverfinu. Líkt og annars staðar eru nokkrar sveiflur í hlutfalli kynferðisbrota sem helgast einna helst af því um hve fá brot er að ræða á hverju ári. Hlutfall brota í hverfinu er mjög svipað milli ára að frátöldum kynferðisbrotunum.



Mynd 3. Hlutfall tilkynntra brota í Hlíðum af heildarfjölda brota 2005 og 2006, greint eftir brotaflokkum.

Laugardalur

Laugardalurinn skiptist í þrjú svæði samtals um 6,7 km². Til hverfisins teljast borgarhlutarnir Tún, Teigar, Lækir, Laugarnes, Sund, Heimar, Langholt, Vogar, Skeifan og Fen. Hverfið dregur nafn sitt af stóru íþrótt- og útivistarsvæði, Laugardalnum, sem er í miðju hverfisins. Á því svæði eru m.a. Þvottalaugarnar, Laugardalslaug, Laugardalshöll, Grasagarður Reykjavíkur og Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn.

Svæði 3.1 Tún, Teigar, Lækir og Laugarnes nær frá Kringlumýrarbraut í vestri að Kambsvegi í austri og Sæbraut í norðri að Suðurlandsbraut í suðri. Að mestu er um íbúðabyggð að ræða en þar er einnig nokkuð um fyrirtæki auk íprótta- og útivistarsvæðis.

Svæði 3.2, Laugarás, Langholt og Sund er blanda af íbúðabyggð og fyrirtækjum. Hverfið afmarkast af línu norður, suður frá Kambsvegi í vestri að Kleppsmýravegi í austri. Íbúar í hverfi 3.2 voru 5.325 árið 2006 þar af eru 24 prósent yngri en 20 ára.

Svæði 3.3, Heimar, Vogar og Skeifan, er að megninu til íbúðarbyggð, þó er einnig að finna þar nokkuð af fyrirtækjum og verslunum, sérstaklega í Skeifunni. Hverfið afmarkast af Miklubraut í suðri og Kleppsmýrarvegi í norðri að strönd Elliðavogar í austri. Íbúar í hverfi 3.3 voru 3.629 árið 2006 þar af voru um 25 prósent yngri en 20 ára.


Samtals voru 13.298 íbúar í Laugardalshverfi árið 2006 og er það um 10 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins. Þetta er nánast sami íbúafjöldi og búsettur var á svæðinu árið 2005.

Reykjavíkurborg aðstoðaði 325 einstaklinga eða fjölskyldur í Laugardalshverfi árið 2006 og er það 2,4 prósent af íbúafjölda hverfisins. Hlutfall íbúa sem þáðu aðstoð er því ívið herra í Laugardalshverfi en að meðaltali á öðrum svæðum höfuðborgarsvæðisins. Eins og áður var atvinnuleysi (34%) helsta ástæða aðstoðar en einnig fengu sjúklingar (20%) aðstoð, öryrkjar voru 18 prósent þeirra sem fengu aðstoð, 17 prósent höfðu lágar atvinnu- eða lífeyristekjur og 11 prósent voru nemar eða höfðu aðrar ástæður. Meirihluti þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð þáðu hana í þrjá mánuði eða skemur eða 51 prósent.

Alls voru u.þ.b. 6.260 íbúðir í Laugardalshverfi og af þeim voru um 211 í eigu Félagsbústaða ehf. eða 3,4 prósent íbúða í hverfinu. Íbúar í Laugardal eru tekjulágir miðað við önnur hverfi en meðal atvinnutekjur þeirra fyrir 2005 voru kr. 3.120.000.

Tafla 4. Fjöldi og hlutfall íbúa í Laugardal 2005 og 2006, greint eftir aldri.

	Fjöldi		Hlutfall	
	2005	2006	2005	2006
14 ára og yngri	2.518	2.496	18,9	18,8
15 - 19 ára	799	817	6,0	6,1
20 - 29 ára	1.818	1.840	13,7	13,8
30 - 49 ára	3.622	3.628	27,2	27,3
50 - 69 ára	2.305	2.340	17,3	17,6
70 ára og eldri	2.237	2.177	16,8	16,4
Samtals	13.299	13.298	100,0	100,0



Mynd 4. Hlutfall tilkynntra brota í Laugardal af heildarfjölda brota 2005 og 2006, greint eftir brotaflokki.

Mynd 4 sýnir hlutfall brota í Laugardal af heildarfjölda brota á höfuðborgarsvæðinu. Fram kemur að um 13 prósent auðgunarbrot áttu sér stað í hverfinu árið 2005 og 11 prósent árið 2006. Þá áttu um 11 prósent innbrota sem tilkynnt voru á höfuðborgarsvæðinu á þessu tímabili sér stað í Laugardal. Þó svo að hlutfall innbrota sem eiga sér stað í Laugardal af heildar fjölda brota sé svipað milli ára vekur athygli að fjöldi brota miðað við 10.000 íbúa hefur vaxið á sama tíma (tafla v4).

Háaleiti

Háaleiti skiptist í þrjú hverfi samtals um 4,4 km². Til hverfisins teljast Háaleiti, Múlar, Kringlan, Bústaðir, Fossvogur, Smáíbúðahverfi og Blesugróf.

Svæði 4.1, Háaleiti og Kringlan afmarkast af Kringlumýrarbraut í vestri, Suðurlandsbraut í norðri, Miklubraut í suðri að Grensásvegi í austri. Mikið er af þjónustu og verslun á svæðinu en einnig nokkuð af íbúðarhúsnæði, íbúar voru 2.941 árið 2006 og af þeim voru 28 prósent yngri en 20 ára.

Svæði 4.2, Bústaðarhverfi afmarkast af Kringlumýrarbraut í vestri, Miklubraut í norðri, Bústaðarvegi í suðri að Reykjanesbraut í austri. Að megninu til er um íbúðabyggð að ræða á svæðinu en þó eru þar einnig stórir verslunarkjarnar. Íbúafjöldi á svæði 4.2 var 6.994 árið 2006 og af þeim var um 24 prósent yngri en 20 ára.


Svæði 4.3, Fossvogur, afmarkast af Kringlumýrarbraut í vestri, Bústaðarvegi í norðri, Reykjanesbrautar í austri og landamerkjum Reykjavíkur og Kópavogs í suðri. Svæðið einkennist fyrst og fremst af íbúðabyggð, þar er þó einnig sjúkrahús og lítill verslunarkjarni. Íbúar á svæðinu voru 3.723 árið 2006 og af þeim voru um 25 prósent yngri en 20 ára.

Samtals voru íbúar í Háaleitishverfi 13.658 árið 2006 og hafði fækkað lítillega frá árinu 2005, þeir voru þó 7,1 prósent af heildaríbúafjölda höfuðborgarsvæðisins. Reykjavíkurborg veitti 225 einstaklingum og fjölskyldum í Háaleitishverfi fjárhagslega aðstoð árið 2006 sem er 1,6 prósent af heildaríbúafjölda hverfisins. Ástæður aðstoðar voru í flestum tilvikum atvinnuleysi (34%), 19 prósent voru öryrkjar, 18 prósent sjúklingar, 11 prósent fengu aðstoð vegna lágra atvinnu- eða lífeyristekna og 18 prósent voru nemar eða höfðu aðrar ástæður. Meirihluti þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð fengu hana í skemmri tíma en þrjá mánuði (56%).

Af þeim u.þ.b 5.213 íbúðum sem eru í hverfinu eru 78 í eigu Félagsbústaða ehf. og er það 1,5 prósent af íbúðarfjölda Háaleitishverfis. Meðalatvinnutekjur íbúa hverfisins voru kr. 3.482.000 og eru þeir í þriðja sæti hvað varðar meðaltekjur á höfuðborgarsvæðinu en í fyrsta sæti innan Reykjavíkur.

Tafla 5. Fjöldi og hlutfall íbúa í Háaleiti greint eftir aldri.

	Fjöldi		Hlutfall	
	2005	2006	2005	2006
14 ára og yngri	2.450	2.421	17,9	17,7
15 - 19 ára	919	935	6,7	6,8
20 - 29 ára	1.664	1.669	12,2	12,2
30 - 49 ára	3.585	3.576	26,2	26,2
50 - 69 ára	2.877	2.947	21,1	21,6
70 ára og eldri	2.168	2.110	15,9	15,4
Samtals	13.663	13.658	100,0	100,0



Mynd 5. Hlutfall tilkynntra brota í Háaleiti af heildarfjölda brota 2005 og 2006, greint eftir brotaflokki.

Mynd 5 sýnir hlutfall brota í Háaleitishverfi samanborið við heildar fjölda brota. Fram kemur að um sex prósent ofbeldisbrota sem tilkynnt eru til lögreglu áttu sér stað í Háaleitishverfinu, átta til níu prósent auðgunarbrot og um eða yfir sex prósent eignaspjalla. Ekki eru miklar breytingar í hlutfalli tilkynntra brota milli ára. Þó kemur fram að hlutfallslega færri innbrot sem tilkynnt voru á höfuðborgarsvæðinu áttu sér stað í Háaleitishverfi árið 2006 samanborið við 2005.

Árbær - Grafarholt og Norðlingaholt

Árbær skiptist í fjögur hverfi og er samtals um 30,5 km². Árbær er eitt af fjölmennustu hverfum Reykjavíkurborgar, nefnt í höfuðið á býli sem þar stóð áður. Þar er Árbæjarsafn, þar sem eru varðveitt mörg söguleg hús í Reykjavík.

Svæði 5.1, Ártúnsholt, afmarkast af Reykjanesbraut í vestri, Vesturlandsvegi í norður, Höfðabakka í austur og Stekkjarbakka í suðri. Ekki er mikil íbúðabygð á þessu svæði, aðeins 1.557 íbúar bjuggu þar árið 2006. Þar af voru um 29 prósent undir 20 ára. Hins vegar er mikið um atvinnurekstur á Ártúnsholtinu til að mynda bílasölur og ýmis smáiðnaður.

Svæði 5.2, Árbær, afmarkast af Höfðabakka í vestri, Vesturlandsvegi í norðri, Suðurlandsvegi í austri og efri hluta Elliðaáa í suðri. Svæðið er í raun tvískipt, annars vegar Hálsahverfi þar sem aðallega er atvinnuhúsnæði og svo Árbær sem er nær eingöngu íbúðabygð. Á svæði 5.2 bjuggu 4.135 í lok árs 2006 og af þeim voru um 29 prósent yngri en 20 ára.

Svæði 5.3, Selás, afmarkast af Rofabæ í norðri, Suðurlandsvegi í austri, Breiðholtsbraut í suðri og efri hluta Elliðaáa í vestri. Árið 2006 voru íbúar í Selási 2.693 þar af voru 32 prósent þeirra yngri en 20 ára.

Svæði 5.4, Norðlingaholt, afmarkast af Breiðholtsbraut í norðri, Suðurlandsvegi í austri og óbyggðu svæði í suðri og vestri við Elliðavatn. Um er að ræða íbúðabygð sem hefur verið í byggingu á síðustu árum. Í lok árs 2006 bjuggu þar 784 og af þeim voru 35 prósent yngri en 20 ára.

Grafarholt skiptist í tvö hverfi og er samtals um 1,4 km². Svæði 9.1 Grafarholt vestra, afmarkast af Vesturlandsvegi í norðvestri, Þúsöld í norðaustri, Jónsgeisla í suðaustri og óbyggðu svæði í átt að Árbæ í suðvestri. Svæðið er að mestu íbúðabygð og voru íbúar 2.480 í árslok 2006, þar af voru um 30 prósent yngri en 20 ára.

Svæði 9.2, Grafarholt eystra, afmarkast af Jónsgeisla í vestri og svo óbyggðu svæði á aðrar hliðar. Grafarholt austur er mestmagnis íbúðabygð og voru íbúar 2.465 í árslok 2006 þar af voru um 32 prósent þeirra yngri en 20 ára. Grafarholtið og Norðlingaholt eru yngstu hverfin í Reykjavík og hafa byggst upp á síðustu sex til sjö árum.

Samtals bjuggu í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti 14.114 einstaklingar í árslok 2006 og hafði íbúum fjölgað um 7,3 prósent frá árinu áður. Alls fengu 207 einstaklingar eða fjölskyldur fjárhagsaðstoð frá


Reykjavíkurborg og er það 1,5 prósent af heildar íbúafjölda hverfanna. 26 prósent þeirra fengu aðstoð vegna atvinnuleysis, 26 prósent vegna örorku, 16 prósent voru sjúklingar, 13 prósent vegna lágra atvinnu- eða lífeyristekna og 19 prósent voru nemar eða fengu aðstoð vegna annarra þátta. Um 50 prósent þeirra sem nutu aðstoðar fengu hana í þrjá mánuði eða skemur.

5.213 íbúðir voru í hverfinu árið 2006 og af þeim voru 225 í eigu Félagsbústaða ehf. sem er 4,2 prósent íbúða á svæðinu. Meðalatvinnutekjur íbúa í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti voru kr. 3.245.000 árið 2005 og setur þá í sjöunda sæti hvað það varðar á höfuðborgarsvæðinu.


Tafla 6. Fjöldi og hlutfall íbúa í Árbæ, Grafar-og Norðlingaholti, greint eftir aldri.

	Fjöldi		Hlutfall	
	2005	2006	2005	2006
14 ára og yngri	3.109	3.346	23,6	23,7
15 - 19 ára	923	960	7,0	6,8
20 - 29 ára	2.100	2.253	16,0	16,0
30 - 49 ára	3.890	4.209	29,6	29,8
50 - 69 ára	2.481	2.660	18,9	18,8
70 ára og eldri	647	686	4,9	4,9
Samtals	13.150	14.114	100,0	100,0

Mynd 6 sýnir hlutfall brota í Árbæ af heildarfjölda tilkynntra brota. Fram kemur að hlutfallslega áttu sér fá ofbeldisbrot stað á svæðinu og einnig eignaspjöll sem eru um fimm prósent tilkynntra brota á höfuðborgarsvæðinu. Sama á við um Grafarholt og Norðlingaholt (mynd 7) þar sem afar lágt hlutfall brota átti sér stað á árunum 2005 og 2006.



Mynd 6. Hlutfall tilkynntra brota í Árbæ, af heildarfjölda brota 2005 og 2006, greint eftir brotaflokk.



Mynd 7. Hlutfall tilkynntra brota í Gráfarholti og Norðlingaholti af heildarfjölda brota 2005 og 2006, greint eftir brotaflokk.

Breiðholt

Breiðholt skiptist í þrjú hverfi og er samtals um 5,9 km², nafnið er dregið af bænum Breiðholt, sem staðsettur var þar sem nú er Skógarsel. Hverfið skiptist í Efra-Breiðholt (Fell, Berg og Hólar), Neðra-Breiðholt (Bakkar og Stekkir) og Seljahverfi.

Svæði 6.1, Neðra-Breiðholt, er í raun þrjár kjarnar, Mjódd, Stekkir og Bakkar, og afmarkast af Stekkjarbakka í norðri, línu norður, suður frá Höfðabakka í austri, Breiðholtsbraut í suðri og Reykjanesbraut í vestri. Svæðið er að mestu íbúðabyggð, þó er mikið um verslun og þjónustu í Mjódd. 3.854 íbúar bjuggu á svæðinu í lok árs 2006 og þar af voru um 28 prósent yngri en 20 ára.

Svæði 6.2, Efra-Breiðholt, samanstendur af þremur byggðarkjörnum, Hólum, Bergi og Felli, afmarkast af Breiðholtsbraut í suðri, Arnarbakka í vestri, Höfðabakka í norðri og efri hluta Elliðaáa í austri. Svæðið er að mestum hluta íbúðabyggð og voru íbúar 8.626 í lok árs 2006 og af þeim voru um 25 prósent yngri en 20 ára.

Svæði 6.3, Seljahverfi, afmarkast af Reykjanesbraut í vestri, Breiðholtsbraut í norðri og landamerkjum Kópavogs í austur og vestur. Svæðið er nær eingöngu íbúðabyggð og voru íbúar 8.282 í lok árs 2006, 29 prósent yngri en 20 ára

Breiðholtið er með fjölmennustu hverfum í Reykjavík, alls voru íbúar þar 20.762 í lok árs 2006 og hafði fjölgað lítillega frá 2005.


Í þessu fjölmenna hverfi fengu 610 einstaklingar eða fjölskyldur fjárhagslega aðstoð frá Reykjavíkurborg, það er um 2,9 prósent af heildarfjölda hverfisins. Þetta er nokkru yfir meðaltali sem er 1,8 prósent. Ástæður aðstoðar voru oftast atvinnuleysi (28%) eða veikindi (28%). Þá voru 16 prósent þeirra sem þáðu stuðning öryrkjar og sama hlutfall var með lágar atvinnu- eða lífeyristekjur. Helmingur þeirra sem fengu aðstoð þáðu hana í þrjá mánuði eða skemur.

Í Breiðholti voru u.þ.b. 7.555 íbúðir árið 2006 og af þeim áttu Félagsbústaðir ehf. 514 sem er 6,8 prósent íbúða í hverfinu. Þetta er hæsta hlutfall félagslegra íbúða á höfuðborgarsvæðinu. Íbúar í Breiðholti höfðu einnig lægstar meðaltekjur samanborið við önnur hverfi en meðal atvinnutekjur þeirra fyrir árið 2005 voru kr. 2.909.000.

Tafla 7. Fjöldi og hlutfall íbúa í Breiðholti, greint eftir aldri.

	Fjöldi		Hlutfall	
	2005	2006	2005	2006
14 ára og yngri	4.310	4.165	20,8	20,1
15 - 19 ára	1.496	1.529	7,2	7,4
20 - 29 ára	3.293	3.328	15,9	16,0
30 - 49 ára	5.509	5.593	26,6	26,9
50 - 69 ára	4.639	4.680	22,4	22,5
70 ára og eldri	1.476	1.467	7,1	7,1
Samtals	20.723	20.762	100,0	100,0

Mynd 8 sýnir hlutfall brota í Breiðholti af heildarfjölda brota. Athygli vekur hátt hlutfall nytjastulda en um 16 prósent brota árið 2005 og 15 prósent árið 2006 áttu sér stað í Breiðholti. Þá átti hátt hlutfall innbrota sér stað á svæðinu og einnig hátt hlutfall fíkniefnabrota og ofbeldisbrota. Ekki koma fram miklar breytingar milli ára. Þó má sjá að eignaspjöllum fjölga hlutfallslega meira í Breiðholti en annarsstaðar.



Mynd 8. Hlutfall tilkynntra brota í Breiðholti af heildarfjölda brota 2005 og 2006, greint eftir brotaflokki.

Grafarvogur

Grafarvogur skiptist í átta hverfi og er samtals 12,4 km². Til Grafarvogshverfis teljast Hamra-, Folda-, Húsa-, Rima-, Borgar-, Víkur-, Engja- og Staðarhverfi. Einnig tilheyra Spöngin, Höfðar, Bryggjuhverfi, Geirsnef, Gufunes og Geldinganes hverfinu. Svæði 7.1, Hamrahverfi, afmarkast af strandlengju frá suðri til vesturs, línu frá Hallsvegi vestur, austur og Gullinbrú í austur. Svæðið er að mestu íbúðabyggð og voru íbúar þar 2.356 í árslok 2006 og þar af voru 28 prósent yngri en 20 ára. Bryggjuhverfi og Höfðahverfi teljast einnig til svæðis 7.1. Bryggjuhverfið er nær eingöngu íbúðabyggð en Höfðahverfi er nær eingöngu atvinnusvæði.

Svæði 7.2, Foldahverfi, afmarkast af strandlengju í suðri, Gullinbrú í vestri, Hallsvegi í norðri og Gagnvegi í austri. Svæðið er nær eingöngu íbúðarbyggð og voru íbúar 3.444 í árslok 2006 og af þeim voru um 29 prósent yngri en 20 ára. Svæði 7.3 Húsahverfi, afmarkast af Gagnvegi í vestri, Hallsvegi í norðri, Víkurvegi í austri og óbyggðu svæði í suðri. Í árslok 2006 voru íbúar í Húsahverfi 2.069 og af þeim voru um 34 prósent yngri en 20 ára. Húsahverfi er nær eingöngu íbúðabyggð og er þar mest um sérbýli. Svæði 8.1, Rimahverfi, afmarkast af Strandvegi í vestri, Borgarvegi í norðri, Gufuneskirkjugarði í austri og Hallsvegi í suðri. Rimahverfi er að mestu íbúðahverfi þar voru íbúar 4.253 í árslok 2006 og af þeim voru 35 prósent yngri en 20 ára. Svæði 8.2, Engjahverfi, afmarkast af Borgarvegi í suðri og vestri, Mosavegi í norðri og Víkurvegi í austri. Engjahverfi er að langmestu leyti íbúðabyggð. Þar voru íbúar 1.758 í árslok 2006 og af þeim voru um 37 prósent yngri en 20 ára. Svæði 8.3, Víkurhverfi, afmarkast af Mosavegi í suðri, Vættarborgum í vestri, Strandvegi í norðri og Víkurvegi í austri. Víkurhverfi er að mestum hluta íbúðabyggð og voru íbúar þar í árslok 2006 1.448, þar af voru um 35 prósent þeirra yngri en 20 ára. Svæði 8.4, Borgarhverfi, afmarkast af Borgarvegi í suðri, Strandvegi í vestri og norðri og Vættarborgum í austri, hverfið er að mestu íbúðabyggð þó er verslunarkjarninn Spöngin innan hverfisins. Íbúar í árslok 2006 voru 1.633 og af þeim voru um 40 prósent 20 ára og yngri. Svæði 8.5, Staðarhverfi, afmarkast af Strandvegi í vestri, ströndinni í norðri og landi Korpúlfsstaða í austri og suðri. Staðarhverfi er að mestum hluta íbúðabyggð og voru íbúar 1.274 í árslok 2006 og af þeim voru um 34 prósent yngri en 20 ára.


Grafarvogur er næst fjölmennasta hverfi Reykjavíkur samtals bjuggu þar 18.262 í desember 2006 og hafði íbúum fjölgað um tæpt prósent frá 2005. Reykjavíkurborg veitti 281 einstaklingum og fjölskyldum fjárhagsaðstoð árið 2006 sem er um 1,5 prósent af heildaríbúafjölda hverfisins, 58 prósent þeirra fengu aðstoð í þrjá mánuði eða skemur. Ástæður aðstoðar voru helstar að 30 prósent voru sjúklingar, 22 prósent voru atvinnulausir, 15 prósent voru öryrkjar, 17 prósent höfðu lágar atvinnu- eða lífeyristekjur og 16 prósent voru nemar eða fengu aðstoð vegna annarra þátta.

Um það bil 6.105 íbúðir voru í Grafarvogshverfi árið 2006 og eiga Félagsbústaðir ehf. um 180 íbúðir eða um 2,9 prósent íbúðahúsnæðis í hverfinu. Meðalatvinnutekjur íbúa Grafarvogshverfis voru 3.209 þúsund og er þeir í níunda sæti hvað það varðar á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 8. Fjöldi og hlutfall íbúa í Grafarvogi, greint eftir aldri.

	Fjöldi		Hlutfall	
	2005	2006	2005	2006
14 ára og yngri	4.689	4.534	25,9	24,8
15 - 19 ára	1.517	1.592	8,4	8,7
20 - 29 ára	2.641	2.597	14,6	14,2
30 - 49 ára	5.667	5.654	31,3	31,0
50 - 69 ára	2.914	3.144	16,1	17,2
70 ára og eldri	683	741	3,8	4,1
Samtals	18.111	18.262	100,0	100,0

Á mynd 9 kemur fram að nokkuð hátt hlutfall nýttastulda sem tilkynntir voru til lögreglu áttu sér stað í Grafarvogi eða um 13 prósent brota á árunum 2005 og 2006. Þá átti rúmlega níu prósent fíkniefnabrota sér stað í Grafarvogi árið 2005 og sex prósent árið 2006. Hlutfalli fíkniefnabrota af heildarfjölda brota hefur lækkað nokkuð milli ára í Grafarvogi á sama tíma og hlutfall ofbeldisbrota fór úr þremur prósentum árið 2005 í tæp sex prósent árið 2006.



Mynd 9. Hlutfall tilkynntra brota í Grafarvogi af heildarfjölda brota 2005 og 2006, greint eftir brotaflokk.

Seltjarnarnes


Seltjarnarnes er u.þ.b. 2,1 km² að flatarmáli. Nokkuð stórt svæði vestast á nesinu er óbyggt og nýtt sem útivistar- og tómstundasvæði. Vestast á Seltjarnarnesi hefur myndast hverfi þar sem ýmis smáíðnaður fer fram. Að öðru leyti er Seltjarnarnes aðallega íbúðabyggð, mest einbýlishús og raðhús, þó eru fjölbýlishús austast í bænum. Þar er einnig verslunarkjarni og er lögreglan staðsett þar. Þann 31. desember 2006 bjuggu 4.471 einstaklingar á Seltjarnarnesi sem er 2,3 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu, þar af tæplega þriðjungur undir 20 ára aldri.

Seltjarnarnesbær veitti 42 einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagslega aðstoð árið 2006 sem er um tæpt prósent af íbúafjölda bæjarins. Ekki liggur fyrir hvaða ástæður eru fyrir aðstoðinni né hversu langan tíma aðstoð var veitt. Seltjarnarnesbær á u.þ.b. 22 félagslegar íbúðir og er það 1,4 prósent af heildaríbúðarfjölda bæjarins en alls voru u.þ.b. 1.588 íbúðir í bænum. Íbúar á Seltjarnarnesi skera sig nokkuð úr þegar kemur að

meðalatvinnutekjum fyrir árið 2005 en þær voru kr. 4.127.000 og eru það langhæstu meðaltekjur á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 9. Fjöldi og hlutfall íbúa á Seltjarnarnesi, greint eftir aldri.

	Fjöldi		Hlutfall	
	2005	2006	2005	2006
14 ára og yngri	921	903	20,6	20,2
15 - 19 ára	384	392	8,6	8,8
20 - 29 ára	552	540	12,3	12,1
30 - 49 ára	1.201	1.197	26,9	26,8
50 - 69 ára	1.034	1.048	23,1	23,4
70 ára og eldri	379	391	8,5	8,7
Samtals	4.471	4.471	100,0	100,0



Mynd 10. Hlutfall tilkynnta brota á Seltjarnarnesi af heildarfjöldi brota 2005 og 2006, greint eftir brotaflokkum.

Eins og fram kemur á mynd 10 þá er hlutfall afbrota mjög lágt á Seltjarnarnesi af heildarfjöldi tilkynnta brota. Þannig áttu aðeins eitt prósent ofbeldisbrota sem tilkynnt voru til lögreglu sér stað á svæðinu og milli eitt og tvö prósent innbrota. Ekki urðu miklar breytingar milli ára á

svæðinu, eingöngu á hlutfalli kynferðisbrota. Eins og áður hefur komið fram er um mjög fá brot að ræða og sveiflur milli ára því jafnan miklar, sé mælt í prósentum.

Mosfellsbær – Kjalarnes – Kjós

Mosfellsbær skiptist í sjö hverfi, Helgafellshverfi liggur vestan undir Helgafelli. Þar eru nokkrir bæir þó ekki sé þar búskapur og svo lítið hverfi íbúðarhúsa. Reykjahverfi liggur meðfram efsta hluta Varmár og vestan Helgafells, þar eru nokkrir bæir og einnig íbúðabyggð, þar er einnig einn stærsti vinnustaður í Mosfellsbæ, Reykjalandur.

Teigahverfi liggur sunnan Helgafells og Varmár, austur að Reykjalandsvægi. Þar er iðnaðarhverfi og íbúðabyggð. Holta- og Tangahverfi liggur sunnan neðsta hluta Varmár, að Vesturlandsvegi að austan og niður að strönd að vestan. Þetta hverfi er elsti þéttbýliskjarninn í Mosfellsbæ. Þar er miðbærinn auk ýmissar þjónustu svo sem bæjarskrifstofur, bókasafn, heilsugæsla o.fl. Þar er einnig stórt íþrótt- og útivistarsvæði.

Hlíða- og Höfðahverfi er yngsti hluti Mosfellsbæjar og uppbygging íbúðarhúsnæðis hefur verið mikil þar undanfarin ár. Hlíðartúnshverfi liggur á milli Lágafells og Úlfarsfells, hverfið er samsett af iðnaðarhúsnæði og íbúðabyggð. Mosfellsdalur er dalur sem liggur inn að Mosfellsheiði, þar er nokkuð um búskap svo sem garðyrkju, hestarækt og hefðbundinn búskap.

Íbúar í Mosfellsbæ voru 7.516 í árslok 2006, af þeim eru um 33 prósent yngri en 20 ára og hafði íbúum fjölgað um tæp fimm prósent frá árinu 2005.

Kjalarnes og Grundarhverfi liggja undir rótum Esju. Grundarhverfi er lítill þéttbýliskjarni en bæir í hefðbundnum búskap sem tilheyra Kjalarnesi eru þar í kring. Þar bjuggu 1.031 manns í árslok 2006 og hafði fjölgað um 46 prósent frá árslokum 2005.


Kjósinn er fámennasta sveitarfélag umdæmisins en þar voru 182 einstaklingar búsettir við árslok 2006. Íbúum svæðisins hefur þó fjölgað á milli ára því árið 2005 voru 163 einstaklingar skráðir til heimilis í sveitarfélaginu.

Samtals eru því 8.710 íbúar í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós sem gerir að þeir eru um fjögur prósent af heildaríbúafjölda höfuðborgarsvæðisins.

Alls fengu 50 einstaklingar eða fjölskyldur fjárhagslega aðstoð frá Mofellsbæ eða Kjalarnesi en ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um fjárhagsaðstoð eða félagslegar íbúðir í Kjósinni. Ástæður aðstoðar liggja ekki fyrir. Af þeim u.þ.b 2.479 íbúðum sem voru í Mosfellsbæ og á Kjalarnesi í árslok 2006 voru 34 félagslegar íbúðir eða 1,4 prósent af íbúðarhúsnæði svæðisins. Meðalatvinnutekjur fyrir 2005 voru frekar lágar í Mosfellsbæ og nágrenni en þær voru kr. 3.067.000 sem skilar þeim í 13 sæti hvað það varðar á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 10. Fjöldi og hlutfall íbúa í Mosfellsbæ og Kjalarnes, greint eftir aldri.

	Fjöldi		Hlutfall	
	2005	2006	2005	2006
14 ára og yngri	2.156	2.191	26,2	25,2
15 - 19 ára	626	666	7,6	7,6
20 - 29 ára	1.062	1.139	12,9	13,1
30 - 49 ára	2.564	2.739	31,1	31,4
50 - 69 ára	1.556	1.677	18,9	19,3
70 ára og eldri	277	298	3,4	3,4
Samtals	8.241	8.710	100,0	100,0



Mynd 11. Hlutfall tilkynntra brota í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós af heildarfjölda brota 2005 og 2006, greint eftir brotaflokki.

Eins og sjá má á mynd 11 eru afbrot frekar fátíð á svæðinu og áttu t.a.m. eingöngu eitt til fjögur prósent brota sem hér er fjallað um og tilkynnt voru til lögreglu sér stað í Mosfellsbæ og á Kjalarnesi. Athygli vekur þó að hlutfallslega fleiri brot voru tilkynnt árið 2006 en árið 2005 í öllum brotaflokkum sem hér er fjallað um.

Kópavogur

Kópavogur er fjölmennasta bæjarfélagið á höfuðborgarsvæðinu og skiptist í nokkur hverfi. Vesturbærinn er elsta hverfi Kópavogs og nær frá Kársnesi í vestri að Gjánni í austri, þar er aðallega íbúðarbyggð. Austurbær nær frá Gjánni í vestri til Mjóddar í austri. Austurbærinn er að mestu íbúðahverfi þó er ýmis verslun og þjónusta í Hamraborg og svo ýmis smáiðnaður og verslunarhúsnæði í Smiðjuhverfi.

Yngri hluti Kópavogs er sunnan við Kópavogslækinn og skiptist í nokkur hverfi. Smárahverfi liggur í Kópavoginum sjálfum upp að Arnarnesvegi í suðri og austur að Smáralind. Smárahverfi er að mestu íbúðabyggð en einnig er stórt íþrótt- og útivistarsvæði í Kópavogsdalnum og svo verslunarmiðstöðvarnar Smáralind og Smáratorg.

Lindarhverfið nær frá Smáralind í vestri að Seljahverfi í austri og Arnarnesvegi í suðri. Nokkuð er um verslunarhúsnæði í syðri hluta Lindarhverfis en að öðru leyti er hverfið að mestu íbúðarbyggð. Austur af Lindarhverfi er Salahverfi sem hefur verið í hraðri uppbyggingu undanfarin ár og er að mestu íbúðabyggð.


Yngstu hverfi Kópavogs eru Kórahverfi og Hvarfahverfi sem eru í landi Vatnsenda við Elliðavatn. Bæði hverfin eru nær eingöngu íbúðabyggð enn sem komið er og hafa verið að byggjast hratt upp undanfarin tvö til þrjú ár.

Íbúar í Kópavogi voru 27.536 í árslok 2006, af þeim voru um 29 prósent yngri en 20 ára og hafði íbúum fjölgað um tæp fjögur prósent frá árslokum 2005. Alls fengu 266 einstaklingar og fjölskyldur fjárhagsaðstoð frá Kópavogsbæ árið 2006 og er það um eitt prósent af íbúum bæjarins. Ástæður fyrir fjárhagsaðstoð voru að 38 prósent voru með lágar atvinnu- eða lífeyristekjur, 21 prósent voru sjúklingar, 17 prósent öryrkjar, 12 prósent voru atvinnulausir og 12 prósent voru nemar eða fengu aðstoð vegna annarra þátta. Ekki liggur fyrir hve hátt hlutfall fengu aðstoð í þrjá mánuði eða skemur.

Í Kópavogi voru u.þ.b. 9.946 íbúðir í árslok 2006 og af þeim voru félagslegar íbúðir 243 eða um 2,4 prósent. Íbúar Kópavogs lenda í fimmta sæti hvað varðar meðalvatvinnutekjur á höfuðborgarsvæðinu og voru þær kr. 3.293.000 fyrir árið 2005.

Tafla 11. Fjöldi og hlutfall íbúa í Kópavogi, greint eftir aldri.

	Fjöldi		Hlutfall	
	2005	2006	2005	2006
14 ára og yngri	5.891	6.074	22,3	22,1
15 - 19 ára	1.866	1.977	7,1	7,2
20 - 29 ára	3.570	3.707	13,5	13,5
30 - 49 ára	7.781	8.065	29,4	29,3
50 - 69 ára	5.046	5.275	19,1	19,2
70 ára og eldri	2.314	2.438	8,7	8,9
Samtals	26.468	27.536	100,0	100,0



Mynd 12. Hlutfall tilkynntra brota í Kópavogi af heildarfjölda brota 2005 og 2006, greint eftir brotaflokki.

Árið 2005 áttu 15 prósent tilkynntra auðgunarbrot og eignaspjalla sér stað í Kópavogi, tæplega 12 prósent innbrota, rúmlega 11 prósent fíkniefnabrot, níu prósent nyttjastulda og átta prósent ofbeldisbrota (mynd 12). Árið 2006 tók þetta hlutfall nokkrum breytingum er hærra hlutfall

nytjastulda og fíkniefnabrota átti sér stað í Kópavogi af heildarfjölda brota, en í öðrum brotaflokkum var hlutfallið svipað eða lægra.


Garðabær

Garðabær sem er þriðja stærsta bæjarfélagið á höfuðborgarsvæðinu skiptist í nokkur hverfi. Hafnarfjarðarvegur sker bæinn í tvennt, vestan megin við veginn eru Arnarnes, Grundir, Sjáland og Ásar og austan megin við veginn eru Akkrar, Tún, Miðbær, Flatir, Lundir, Búðir, Mýrar, Bæjargil og Hæðir. Garðabær hefur byggst nokkuð hratt upp undanfarna áratugi, þar er að mestu íbúðabyggð en atvinnuuppbygging hefur verið þó nokkur og þá sérstaklega í Moltuhrauni þar sem bæði er verslun og einnig ýmis iðnaður. Austast í bænum er einnig stórt íprótta- og útivistarsvæði.

Íbúar í Garðabæ voru 9.529 í árslok 2006 og af þeim voru um 30 prósent yngri en 20 ára. Garðabæingum hafði fjölgað lítillega frá 2005 eða um rúmlega eitt prósent. Samkvæmt ársskýrslu Garðabæjar fyrir árið 2005 fengu 68 einstaklingar eða fjölskyldur fjárhagsaðstoð frá bænum sem er um 0,7 prósent íbúa bæjarins. Ekki liggja fyrir ástæður eða lengd aðstoðar. Garðabær er með 28 félagslegar íbúðir á sinni könnu og er það um 0,9 prósent af heildarfjölda íbúðarhúsnæðis í Garðabæ en fjöldi íbúða var u.þ.b. 3.108 í árslok 2006. Íbúar Garðabæjar eru með töluvert háar meðalatvinnutekjur og lenda í öðru sæti á höfuðborgarsvæðinu hvað það varðar. Meðalatvinnutekjur þeirra fyrir 2005 voru kr. 3.777.000.

Tafla 12. Fjöldi og hlutfall íbúa í Garðabæ, greint eftir aldri.

	Fjöldi		Hlutfall	
	2005	2006	2005	2006
14 ára og yngri	2.040	2.041	21,6	21,4
15 - 19 ára	799	804	8,5	8,4
20 - 29 ára	1.076	1.084	11,4	11,4
30 - 49 ára	2.657	2.661	28,2	27,9
50 - 69 ára	2.112	2.155	22,4	22,6
70 ára og eldri	739	784	7,8	8,2
Samtals	9.423	9.529	100,0	100,0



Mynd 13. Hlutfall tilkynntra brota í Garðabæ af heildarfjölda brota 2005 og 2006, greint eftir brotaflokki.

Eins og fram kemur á mynd 13 á frekar lágt hlutfall tilkynntra brota sér stað í Garðabæ. Hæst er hlutfallið í fíkniefnabrotum og eignaspjöllum árið 2005 eða fjögur prósent brota og í fíkniefnabrotum árið 2006 en fimm prósent skráðra brota áttu sér stað í Garðabæ. Ekki voru miklar breytingar milli ára, helst má þó merkja hlutfallslega aukningu nytjastulda og fækkun eignaspjalla.


Álftanes

Álftanes er láglent nes sem tengist landi með mjóum granda, Bessastaðagrandi milli Skógtjarnar að vestan og Lambhúsatjarnar, sunnan Bessastaðaness að austan. Álftanesi má skipta í nokkur meginsvæði. Austast er Bessastaðaness á milli Bessastaðatjarnar og Lambhúsatjarnar. Norðan og vestan Bessastaðaness er Norðurnes, láglent og dreifbýlt. Stærsti hluti Álftaness er milli Kasthúsatjarnar og Skógtjarnar. Þar er byggðin þéttust. Auk þess tilheyrir Bessastaðahreppi Hliðsnes, sem er sunnan Skógtjarnar.

Í árslok 2006 voru íbúar 2.278 og af þeim voru rúm 36 prósent yngri en 20 ára. Íbúum á Álftanesi hafði fjölgað um rúm fjögur prósent frá árslokum 2005. Ekki liggja fyrir tölur um fjölda einstaklinga eða fjölskyldna sem hafa fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu né heldur hver fjöldi félagslegra íbúða er. Fjöldi íbúða á Álftanesi var u.þ.b. 969 í árslok 2006. Meðalatvinnutekjur íbúa á Álftanesi fyrir árið 2005 voru kr. 3.222.000 og setur þá í áttunda sæti hvað það varðar á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 13. Fjöldi og hlutfall íbúa á Álftanesi, greint eftir aldri.

	Fjöldi		Hlutfall	
	2005	2006	2005	2006
14 ára og yngri	617	646	28,3	28,4
15 - 19 ára	193	189	8,8	8,3
20 - 29 ára	274	286	12,6	12,6
30 - 49 ára	676	692	31,0	30,4
50 - 69 ára	366	399	16,8	17,5
70 ára og eldri	57	66	2,6	2,9
Samtals	2.183	2.278	100,0	100,0



Mynd 14. Hlutfall af heildarfjölda brota í viðkomandi brotaflokkum á höfuðborgarsvæðinu fyrir Álftanes árin 2005 og 2006.

Eins og fram kemur á mynd 14 eru afbrot á Álftanesi afar fátíð miðað við önnur svæði höfuðborgarsvæðisins. Þannig var innan við eitt prósent þeirra brota sem skoðuð eru hér tilkynnt á svæðinu 2005 og 2006. Af þeim brotum

sem skoðuð eru hér eru ofbeldisbrot og fíkniefnabrot algengust en þar sem um mjög fá brot er að ræða er varasamt að lesa of mikið í tíðni og breytingar milli ára.

Hafnarfjörður


Hafnarfjörður er annað stærsta bæjarfélagið á höfuðborgarsvæðinu. Bærinn skiptist í nokkur hverfi og eru Miðbær, Vesturbær og Suðurbær elstu hverfin í Hafnarfirði. Norðan við Vesturbæinn kemur svo Norðurbærinn, austur af Suðurbæ er Hvaleyraholtið og norður af Suðurbæ eru Hvammar og Ásland og Setberg er norðaustur af suðurbæ. Mikil atvinnustarfsemi er í Hafnarfirði. Í miðbænum er aðallega verslun og þjónusta, einnig er mikil atvinnustarfsemi í kringum höfnina og svo í hrauninu við Kaplakrika en þar er mikið um verslun og ýmsan iðnað.

Íbúar í Hafnarfirði voru 23.674 í árslok 2006 og af þeim voru um 32 prósent yngri en 20 ára. Íbúum í Hafnarfirði hefur fjölgað talsvert á undanförunum árum og hafði þeim fjölgað um rúmlega fimm prósent frá árslokum 2005.

Samkvæmt ársskýrslu Félagsþjónustu Hafnarfjarðar fyrir árið 2005 fengu 494 einstaklingar fjárhagsaðstoð frá Hafnarfjarðarbæ það er um 2,2 prósent bæjarbúa. Ekki liggur fyrir hvaða ástæður eru þar að baki en um 53 prósent þeirra sem fengu aðstoð fengu hana í þrjá mánuði eða skemur. Af um það bil 7.774 íbúðum sem voru í Hafnarfirði árið 2006 voru 233 félagslegar búðir á vegum bæjarins eða um þrjú prósent af heildar íbúðafjölda bæjarins. Meðal atvinnutekjur Hafnfirðinga fyrir árið 2005 voru kr. 3.122.000 og eru þeir í ellefta sæti hvað það varðar á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 14. Fjöldi og hlutfall íbúa í Hafnarfirði, greint eftir aldri.

	Fjöldi		Hlutfall	
	2005	2006	2005	2006
14 ára og yngri	5.443	5.648	24,2	23,9
15 - 19 ára	1.814	1.942	8,1	8,2
20 - 29 ára	3.260	3.485	14,5	14,7
30 - 49 ára	6.685	7.008	29,8	29,6
50 - 69 ára	3.744	4.013	16,7	17,0
70 ára og eldri	1.505	1.578	6,7	6,7
Samtals	22.451	23.674	100,0	100,0



Mynd 15. Hlutfall tilkynntra brota í Hafnarfirði af heildarfjölda brota 2005 og 2006, greint eftir brotaflokki.

Mynd 15 sýnir hlutfall tilkynntra brota 2005 og 2006 sem áttu sér stað í Hafnarfirði. Fram kemur að hlutfall eignaspjalla er nokkuð hátt á svæðinu eða um 13 prósent af heildar fjölda tilkynntra brota. Þá eiga um 12 prósent skráðra fíkniefnabrota sér stað á svæðinu og um tíu prósent kynferðisbrota. Athygli vekur að á milli árána 2005 og 2006 dró nokkuð úr eignaspjölum á svæðinu miðað við heildarfjölda brota.

Reynsla íbúa höfuðborgar- svæðisins af lögreglu og afbrotum

Hér er fjallað um niðurstöður spurningalistakönnunar þar sem íbúar höfuðborgarsvæðisins voru spurðir út í viðhorf til lögreglu, ótta við afbrot og eigin reynslu af afbrotum. Fjallað er um niðurstöður hvernar spurningar fyrir sig annars vegar út frá heild og hins vegar út frá kyni, aldri og búsetu. Þó úrtak rannsóknarinnar hafi verið stórt þá er um mörg svæði að ræða og því þarf að túlka mun á svörum með fyrirvara, sérstaklega þegar fjallað er um mun á milli svæða.

Hvaða brot telur þú vera mesta vandamálið í þínu hverfi?


Spurt var um viðhorf til þess hvaða afbrot væri mesta vandamálið í því hverfi sem þátttakendur voru búsettir í. Flestir sögðu innbrot vera mesta vandamálið (mynd 16) eða tæplega 33 prósent. Þá nefndu næst flestir umferðarlagabrot (25%) og eignaspjöll (20%). Bæði karlar og konur nefndu innbrot sem mesta vandamálið í hverfinu (tafla 15), eða um 37 prósent kvenna og 27 prósent karla. Fleiri karlar en konur nefndu hins vegar umferðarlagabrot sem mesta vandamálið eða um 27 prósent karla og 22 prósent kvenna. Hlutfallslega fleiri karlar en konur nefndu einnig eignaspjöll sem mesta vandamálið.

Þegar viðhorf til þess hvaða afbrot voru talin mesta vandamálið er skoðað eftir aldri vekur það athygli að yngsti aldurshópurinn telur umferðarlagabrot vera mesta vandamálið í sínu hverfi, eða um 30 prósent þátttakenda í aldurshópnum 18 til 25 ára. Þátttakendur á aldrinum 56 til 65 ára töldu hins vegar innbrot vera mesta vandamálið í sínu hverfi.

Umferðarlagabrot voru íbúum Hlíðahverfis ofarlega í huga og töldu um 38 prósent þeirra að það væri mesta vandamálið í þeirra hverfi og sama sögðu um 36 prósent þátttakenda sem búsettir voru í Árbæ og Grafarholti. Íbúar í Vesturbæ og Seltjarnarnesi töldu innbrot vera mesta vandamálið í sínu hverfi eða um 45 prósent þátttakenda sem búsettir voru á þessu svæði. Sama sögðu 29 prósent þátttakenda sem búsettir voru í Grafarvogi

og 57 prósent þátttakenda sem búsettir voru í Mosfellsbæ og Kjalarnesi og í Garðabæ og Álftanesi.

Eignaspjöll var sá brotaflokkur sem íbúar Breiðholts töldu vera mesta vandamálið í sínu hverfi en um 28 prósent þátttakenda nefndu það. Einungis um níu prósent íbúa í miðborg Reykjavíkur töldu umferðarlagabrot vera mesta vandamálið í sínu hverfi.



Mynd 16. Hvaða brot telur þú mesta vandamálið í þínu hverfi?




Tafla 15. Hvaða afbrot telur þú mesta vandamálið í þínu hverfi? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.

	Fjöldi svara	Eigna spjöll	Umferðar lagabrot	Fíkniefna neysla	Kynferðis brot	Þjófnaður	Innbrot	Ofbeldi	Annað
Kyn									
Karlar	431	23,2	26,9	5,8	0,7	3,9	27,4	6,0	6,1
Konur	483	16,1	22,2	8,5	1,2	3,9	36,9	4,8	6,4
Aldur									
18-25	146	11,6	29,5	8,9	2,7	4,1	30,8	7,5	4,8
26-35	191	19,4	22,0	8,4	0,0	4,2	33,0	7,9	5,2
36-45	182	22,5	26,4	6,0	1,1	2,2	31,9	3,3	6,5
46-55	173	24,3	23,7	5,2	0,6	3,5	35,3	2,9	4,6
56-65	145	15,9	20,0	6,2	1,4	2,1	37,9	6,2	10,4
66-75	77	23,4	26,0	10,4	0,0	11,7	18,2	3,9	6,5
Hverfi									
Miðborg Vesturbær og Seltjarnarnes	76	26,3	9,2	7,9	2,6	2,6	21,1	21,1	9,2
Hlíðar	74	20,3	14,9	2,7	2,7	4,1	44,6	6,8	4,1
Laugardalur og Háaleiti	86	12,8	38,4	5,8	1,2	4,7	26,7	3,5	7,0
Breiðholt	115	24,3	16,5	10,4	2,6	1,7	32,2	4,3	7,8
Árbær og Grafarholt	102	27,5	10,8	14,7	0,0	5,9	23,5	8,8	8,8
Grafarvogur	74	16,2	36,5	2,7	0,0	6,8	31,1	1,4	5,4
Kópavogur	85	28,2	27,1	5,9	1,2	2,4	29,4	0,0	5,9
Garðabær og Álftanes	117	12,8	33,3	7,7	0,0	3,4	31,6	3,4	7,7
Hafnarfjörður	58	10,3	22,4	3,4	0,0	1,7	56,9	5,2	0,0
Mosfellsbær og Kjalarnes	89	16,9	36,0	7,9	0,0	5,6	25,8	2,2	5,6
	38	10,5	21,1	2,6	0,0	5,3	57,9	2,6	0,0

Viðhorf til starfa lögreglu og sýnileika hennar

Fram kemur á mynd 17 að þátttakendur voru almennt ánægðir með störf lögreglu í sínu hverfi til að stemma stigu við afbrotum. Þannig sögðu tæplega 28 prósent þátttakenda lögreglu skila mjög góðu starfi og 61 prósent frekar góðu. Þá sögðu tæplega níu prósent þátttakenda lögreglu skila frekar slæmu starfi og rúmlega tvö prósent mjög slæmu starfi. Alls sögðu því um 89 prósent þátttakenda lögreglu skila mjög eða frekar góðu starfi í sínu hverfi og einungis um 11 prósent töldu hana vera að skila frekar slæmu eða mjög slæmu starfi. Ekki er munur á viðhorfum karla og kvenna til þjónustu lögreglu. Þannig sögðu rúmlega 88 prósent karla lögreglu skila

mjög eða frekar góðu starfi í sínu hverfi en hið sama sögðu rúmlega 90 prósent þeirra kvenna sem tóku þátt í rannsókninni.



Mynd 17. Hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í hverfi þínu til að stemma stígu við afbrotum?

Ekki er marktækur munur á viðhorfum til starfa lögreglu eftir aldri enda allir aldurshópar ánægðir með störf lögreglu í sínu hverfi. Sama kemur í ljós þegar skoðaður er munur eftir svæðum þar sem íbúar flestra hverfa eru ánægðir með störf lögreglu. Þó má sjá þegar gögn hafa verið dregin saman í færri og stærri svæi að á flestum þeirra eru um eða yfir 90 prósent þátttakenda mjög eða frekar ánægðir með störf lögreglu. Undantekningin frá þessu eru íbúar Mosfellsbæjar og Kjalarness, en eingöngu tæplega 70 prósent þátttakenda sem bjuggu á þessum svæðum sögðu lögreglu sinna mjög eða frekar góðu starfi í sínu hverfi.



Tafla 16. Hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í hverfi þínu? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.

	Fjöldi svara	Mjög góðu	Frekar góðu	Frekar slæmu	Mjög slæmu
Kyn					
Karlar	589	28,9	59,4	9,1	2,6
Konur	649	27,1	63,0	7,9	2,0
Aldur					
18-25	221	25,8	64,3	7,7	2,3
26-35	251	29,9	60,6	6,4	3,2
36-45	255	23,1	62,4	12,2	2,4
46-55	234	27,8	60,7	9,0	2,6
56-65	172	33,7	59,9	5,2	1,2
66-75	105	30,5	58,1	10,5	1,0
Hverfi					
Miðborg	86	24,4	58,1	11,6	5,8
Vesturbær, Seltjarnarnes	120	23,8	68,3	6,9	1,0
Hlíðar	133	28,2	64,1	5,8	1,9
Laugardalur, Háaleiti	180	30,9	58,6	9,9	0,7
Breiðholt	161	27,9	59,9	9,5	2,7
Árbær, Grafarholt	137	30,5	64,4	1,7	3,4
Grafarvogur	154	31,1	60,6	8,3	0,0
Kópavogur	186	29,1	59,5	7,0	4,4
Garðabær, Álftanes	81	24,6	62,3	11,6	1,4
Hafnarfjörður	141	27,2	64,8	8,0	0,0
Mosfellsbær, Kjalarnes	49	21,7	47,8	23,9	6,5


Rúmlega 44 prósent þeirra sem tóku afstöðu töldu lögregluna hæfilega sýnilega í sínu hverfi en rúmlega 55 prósent töldu hana mega sjást meira eða mun meira í hverfinu. Aðeins tæplega eitt prósent þátttakenda sögðu að lögreglan ætti að sjást minna eða mun minna í því hverfi sem þeir voru búsettir í (mynd 18).

Nokkur munur var á viðhorfum karla og kvenna, en tæplega 60 prósent kvenna töldu að lögreglan ætti að sjást meira eða mun meira í því hverfi sem þær voru búsettar í en um 50 prósent karla voru sömu skoðunar (tafla 17).

Pegar viðhorf til sýnileika lögreglu var skoðaður eftir aldri kom í ljós að 60 prósent þátttakenda í aldurshópnum 18 til 25 ára töldu lögregluna vera hæfilega sýnilega og um 38 prósent að hún ætti að vera sýnilegri. Hins

vegar töldu um 30 prósent þátttakenda á aldrinum 56 til 65 ára lögregluna vera hæfilega sýnilega en um 68 prósent töldu hana mega vera sýnilegri. Ekki var marktækur munur á viðhorfum til sýnileika eftir aldri. Þegar gögnin hafa hins vegar verið dregin saman og þátttakendum skipt upp í tvo aldurshópa, þá sem eru 45 ára og yngri og 46 ára og eldri, kemur í ljós að þátttakendur í eldri aldurshópnum voru líklegri til að vilja hafa lögregluna sýnilegri en þeir sem eru í yngri aldurshópnum. Þannig sögðu 62 prósent þátttakenda eldri en 45 ára lögreglu eiga að sjást meira en helmingur yngri þátttakendanna sagði hið sama.

Ekki er marktækur munur á viðhorfum þátttakenda til sýnileika lögreglu eftir búsetu en á flestum svæðum töldu um eða yfir helmingur að lögregla mætti vera sýnilegri í þeirra hverfi.



Hlutfall í %

Mynd 18. Telur þú að lögreglan ætti að sjást meira í þínu hverfi, sjást minna eða finnst þér hún vera hæfilega sýnileg?

Tafla 17. Telur þú að lögreglan ætti að sjást meira í þínu hverfi, sjást minna eða finnst þér hún vera hæfilega sýnileg? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.

	Fjöldi svara	Ætti að sjást mun meira	Ætti að sjást meira	Er hæfilega sýnileg	Ætti að sjást minna	Ætti að sjást mun minna
Kyn*						
Karlar	653	17,9	32,6	48,1	1,2	0,2
Konur	744	20,0	39,9	39,5	0,4	0,1
Aldur						
18-25	229	11,4	27,1	60,3	1,3	0,0
26-35	289	17,0	34,6	47,8	0,7	0,0
36-45	289	19,0	39,1	40,1	1,4	0,3
46-55	268	23,5	34,7	41,4	0,0	0,4
56-65	206	23,3	45,6	30,6	0,5	0,0
66-75	116	21,6	41,4	36,2	0,9	0,0
Hverfi						
Miðborg	100	15,0	31,0	52,0	1,0	1,0
Vesturbær, Seltjarnarnes	117	19,7	31,6	47,0	1,7	0,0
Hlíðar	128	13,3	39,8	46,9	0,0	0,0
Laugardalur, Háaleiti	172	22,7	35,5	41,3	0,6	0,0
Breiðholt	159	22,6	42,8	34,6	0,0	0,0
Árbær, Grafarholt	128	25,8	28,1	45,3	0,8	0,0
Grafarvogur	146	8,9	44,5	45,2	1,4	0,0
Kópavogur	179	17,3	36,9	44,7	0,6	0,6
Garðabær, Álftanes	81	25,9	38,3	34,6	1,2	0,0
Hafnarfjörður	139	16,5	35,3	47,5	0,7	0,0
Mosfellsbær, Kjalarnes	47	31,9	31,9	34,0	2,1	0,0


Ótti við afbrot

Þátttakendur voru spurðir út í eigið öryggi þegar þeir eru einir á gangi að næturlagi og ótta við að verða fyrir afbroti. Þegar skoðað er hversu öruggt fólk telur sig vera eitt á gangi að næturlagi í sínu eigin hverfi kemur að ljós að mikill meirihluti þátttakenda, eða rúmlega 90 prósent, taldi sig vera mjög eða frekar örugga við þessar kringumstæður (mynd 19). Einungis um átta prósent þátttakenda töldu sig vera óörugga í hverfinu sínu undir sömu kringumstæðum.

Þegar mat á eigin öryggi er skoðað eftir kyni kemur í ljós að þar er nokkur munur á. Þannig töldu um 97 prósent karla sig vera örugga á gangi í

hverfi sínu eftir að myrkur er skolið á en 86 prósent kvenna töldu sig vera örugga undir sömu kringumstæðum (tafla 18).

Ekki er mikill munur á milli aldurshópa hvað þetta varðar, en þátttakendur á aldrinum 36 til 45 ára töldu sig þó öruggasta en þeir sem voru á aldrinum 56 til 65 ára töldu sig vera óöruggasta.




Mynd 19. Hversu örugg(ur)/óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í þínu hverfi þegar myrkur er skolið á?

Ef skoðað er hvernig upplifun fólks er á öryggi eftir svæðum (tafla 18) sést að ekki er marktækur munur þegar öll hverfin eru skoðuð í einu. Þegar hverfi eru hins vegar sett saman kemur í ljós að íbúar Grafarvogs telja sig einna öruggasta en um 98 prósent þeirra telja sig mjög örugga eða frekar örugga á gangi í hverfi sínu eftir að myrkur er skolið á. Tengsl eru á milli fjölda hegningarlaga brota á svæðum og þess hversu margir segjast mjög óöruggir við að vera einir á gangi í sínu hverfi þegar myrkur er skolið á ($r=0,63$, $p<0,5$). Þetta þýðir að því fleiri hegningarlaga brot sem tilkynnt eru í hverfinu því meiri líkur á því að íbúar hverfisins óttist að vera einir á gangi eftir að myrkur er skolið á. Athygli vekur að þessi tengsl eru ekki til staðar þegar skoðuð eru tengsl á milli fjölda hegningarlaga brota í hverfi og fjölda þeirra sem segjast mjög eða frekar óöruggir við að vera einir á gangi að næturlagi.

Tafla 18. Hversu örugg(ur)/óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í þínu hverfi þegar myrkur er skolið á? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.

	Fjöldi svara	Mjög örugg(ur)	Frekar örugg(ur)	Frekar óörugg(ur)	Mjög óörugg(ur)
Kyn*					
Karlar	652	65,6	31,4	2,1	0,8
Konur	733	36,4	50,1	9,1	4,4
Aldur*					
18-25	236	55,1	36,9	6,4	1,7
26-35	291	46,7	47,4	4,1	1,7
36-45	289	52,6	41,9	4,5	1,0
46-55	265	50,9	38,9	6,4	3,8
56-65	201	41,8	44,3	8,5	5,5
66-75	106	54,7	32,1	9,4	3,8
Hverfi					
Miðborg	99	37,4	47,5	5,1	10,1
Vesturbær, Seltjarnarnes	114	49,1	42,1	7,9	0,9
Hlíðar	126	44,4	46,8	7,1	1,6
Laugardalur, Háaleiti	172	50,6	35,5	9,3	4,7
Breiðholt	154	35,7	49,4	10,4	4,5
Árbær, Grafarholt	130	47,7	48,5	2,3	1,5
Grafarvogur	147	69,4	28,6	1,4	0,7
Kópavogur	179	48,0	44,1	7,3	0,6
Garðabær, Álftanes	79	49,4	43,0	5,1	2,5
Hafnarfjörður	118	54,2	42,4	2,5	0,8
Mosfellsbær, Kjalarnes	49	61,2	26,5	8,2	4,1





Mynd 20. Hversu örugg(ur)/óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í í miðborg Reykjavíkur þegar myrkur er skolið á eða eftir miðnætti um helgar?

Öfugt við mat á eigin öryggi í því hverfi sem þátttakendur voru búsettir í sagðist stór hluti þeirra mjög eða frekar óöruggur einn á gangi í miðborg Reykjavíkur um eftir að myrkur er skolið á eða að næturlagi um helgar (mynd 20). Þannig töldu um 45 prósent þátttakenda sig vera mjög eða frekar örugga á gangi eftir að myrkur væri skolið á en um 54 prósent töldu sig vera mjög eða frekar óörugga við sömu aðstæður.

Karlar töldu sig vera mun öruggari en konur við fyrrgreindar aðstæður en um 38 prósent karla töldu sig mjög eða frekar óörugga (tafla 19). Hins vegar sögðu um 70 prósent kvenna sem þátt tóku að þær væru mjög eða frekar óöruggar einar á gangi í miðborg Reykjavíkur eftir að myrkur væri skolið á.

Yngri aldurshóparnir töldu sig vera öruggari en þeir sem eldri eru. Þannig kemur fram að um 49 prósent þátttakenda á aldrinum 18 til 25 ára töldu sig vera frekar örugga eða mjög örugga í miðborg Reykjavíkur eftir að myrkur er skolið á og 54 prósent þátttakenda á aldrinum 26 til 35 ára. Hins vegar sögðu 35 prósent þátttakenda á aldrinum 66 til 75 ára það sama.

Athygli vekur að tölurverður munur er á upplifun fólks á öryggi í miðborg Reykjavíkur eftir því í hvaða hverfi það býr. Íbúar Garðabæjar töldu sig


vera einna óöruggasta á gangi í miðborg Reykjavíkur eftir að myrkur væri skolið á (70%). Íbúar í miðborginni voru hins vegar líklegastir til að segjast mjög eða frekar öruggir (65%). Almennt má segja að íbúar þeirra hverfa sem liggja að miðborginni telji sig almennt vera öruggari á gangi í miðborginni eftir að myrkur er skolið á en íbúar þeirra hverfa sem lengra eru frá miðbænum.

Tafla 19. Hversu örugg(ur)/óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í miðborg Reykjavíkur þegar myrkur er skolið á eða eftir miðnætti um helgar? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.

	Fjöldi svara	Mjög örugg(ur)	Frekar örugg(ur)	Frekar óörugg(ur)	Mjög óörugg(ur)
Kyn*					
Karlar	548	18,8	43,6	23,7	13,9
Konur	620	7,7	22,3	30,8	39,2
Aldur*					
18-25	227	11,5	37,4	37,4	13,7
26-35	274	12,4	41,6	23,7	22,3
36-45	260	16,2	28,8	26,5	28,5
46-55	202	12,4	27,7	27,2	32,7
56-65	143	10,5	23,8	23,1	42,7
66-75	62	14,5	21,0	22,6	41,9
Hverfi*					
Miðborg	97	22,7	42,3	18,6	16,5
Vesturbær, Seltjarnarnes	97	8,2	41,2	25,8	24,7
Hlíðar	110	19,1	39,1	24,5	17,3
Laugardalur, Háaleiti	141	16,3	34,8	24,8	24,1
Breiðholt	121	11,6	33,1	32,2	23,1
Árbær, Grafarholt	111	14,4	31,5	27,9	26,1
Grafarvogur	124	9,7	27,4	38,7	24,2
Kópavogur	142	9,2	26,1	25,4	39,4
Garðabær, Álftanes	63	6,3	23,8	19,0	50,8
Hafnarfjörður	119	9,2	29,4	30,3	31,1
Mosfellsbær, Kjalarnes	42	14,3	19,0	33,3	33,3

Til að skoða ótta við afbrot nánar voru þátttakendur spurðir út í það hvort aðstæður hefðu einhverntímann verið þannig hjá þeim árið 2006 að þeir teldu líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti hér á landi. Í heildina sögðu

rúmlega 13 prósent þátttakenda svo hafa verið. Eins og fram kemur á mynd 21 átti þetta sér mjög eða frekar sjaldan stað fyrir flesta þátttakendur eða 70 prósent þeirra.



Mynd 21. Voru aðstæður einhvern tímann þannig hjá þér árið 2006 að þú taldir líklegt að þú yrðir fyrir afbroti hér á landi?

Þegar þátttakendur voru spurðir út í það hvaða afbroti þeir óttuðust seinast að verða fyrir nefndu flestir innbrot eða tæplega 42 prósent þeirra sem óttuðust að verða fyrir afbroti. Þá nefndu rúmlega 32 prósent þátttakenda ofbeldi eða líkamsárás og rúmlega níu prósent nefndu eignaspjöll eða skemmdarverk. Mun færri nefndu önnur brot. Þannig nefndu um sex prósent þjófnaði, þrjú prósent rán eða kynferðisbrot og eitt prósent fjársvik. Eins og fram kemur á töflu 20 var ekki munur eftir kyni hvort þátttakendur hefðu talið líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti. Þannig sögðu tæplega 13 prósent karla aðstæður hafa verið þannig árið 2006 og 14 prósent kvenna. Hins vegar var munur eftir aldri en yngri þátttakendurnir voru líklegri en þeir eldri til að segjast hafa óttast að verða fyrir afbroti. Þannig sögðu 16 prósent þátttakenda 18 til 35 ára aðstæður hafa verið einu sinni eða oftár þannig árið 2006 að þeir óttuðust að verða fyrir broti en einungis sjö prósent þátttakenda 66 ára og eldri sögðu hið sama.

Eins og fram kemur á töflu 20 sögðu rúmlega níu prósent íbúa Grafarvogs að þeir hefðu óttast að verða fyrir afbroti á síðustu 12 mánuðum fyrir

rannsóknina en tæplega 20 prósent íbúa Miðborgarinnar sögðu hið sama. Ekki var þó marktækur munur á svörum þátttakenda eftir búsetu þeirra.

Tafla 20. voru aðstæður einhvern tímann þannig hjá þér árið 2006 að þú taldir líklegt að þú yrðir fyrir afbroti hér á landi? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.


	Fjöldi svara	Já	Nei
Kyn			
Karlar	189	12,6	87,4
Konur	1.210	14,3	85,7
Aldur*			
18-25	235	16,2	83,8
26-35	286	16,4	83,6
36-45	283	14,5	85,5
46-55	270	13,0	87,0
56-65	207	9,7	90,3
66-75	118	6,8	93,2
Hverfi			
Miðborg	101	19,8	80,2
Vesturbær, Seltjarnarnes	116	15,5	84,5
Hlíðar	127	15,7	84,3
Laugardalur, Háaleiti	175	12,6	87,4
Breiðholt	153	14,4	85,6
Árbær, Grafarholt	131	10,7	89,3
Grafarvogur	150	9,3	90,7
Kópavogur	181	13,3	86,7
Garðabær, Álftanes	80	17,5	82,5
Hafnarfjörður	138	10,1	89,9
Mosfellsbær, Kjalarnes	46	13,0	87,0

Reynsla af afbrotum

Þátttakendur voru spurðir út í reynslu af innbroti/þjófnaði, ofbeldi eða eignaskemmdum á síðustu 12 mánuðum áður en rannsóknin var framkvæmd. Fram kom að tæplega 18 prósent þátttakenda hafði orðið fyrir einu eða fleirum af áður töldum afbrotum á síðustu 12 mánuðum. Flestir höfðu orðið fyrir eignaskemmdum eða tæplega 12 prósent þátttakenda, þar á eftir voru það innbrot eða þjófnaður en tæplega sjö

prósent þátttakenda höfðu orðið fyrir þessum brotum á síðustu tólf mánuðum. Fæstir höfðu orðið fyrir ofbeldisbroti eða rúmlega tvö prósent þátttakenda (mynd 22).

Þegar reynsla af brotum er skoðuð eftir kyni kemur í ljós að ekki er mikill munur á reynslu karla og kvenna. Þó höfðu ívið færri konur en karlar orðið fyrir ofbeldisbrotum. Þegar reynsla af afbrotum er skoðuð eftir aldri kemur í ljós að yngri aldurshóparnir eru almennt líklegri til að hafa orðið fyrir afbroti en þeir sem eldri eru. Þannig er ekki marktækur munur þegar allir aldurshóparnir eru skoðaðir saman en hins vegar kemur í ljós þegar þátttakendum er skipt upp í tvo hópa, þá sem eru 45 ára og yngri og 46 ára og eldri, að þátttakendur í yngri aldurshópnum eru líklegri en þeir sem eldri eru að hafa reynslu af öllum þeim afbrotum sem spurt var um hér.




Mynd 22. Hlutfall þeirra sem urðu fyrir eignaskemmdum, innbroti eða þjófnaði eða ofbeldisbroti á síðustu 12 mánuðum áður en rannsóknin var framkvæmd.

Tafla 21. Hlutfall þeirra sem urðu fyrir eignaskemmdum, innbroti eða þjófnaði eða ofbeldisbroti á síðustu 12 mánuðum fyrir könnunina. Greint eftir kyni, aldri og búsetu.

	Eignaskemmdum	Innbroti eða þjófnaði	Ofbeldisbrot
Kyn			
Karlar	13,1	6,1	3,0
Konur	10,1	7,4	1,3
Aldur			
18-25	12,8	8,0	5,9
26-35	12,9	7,5	2,0
36-45	12,8	8,1	1,7
46-55	10,8	7,9	1,1
56-65	9,3	3,2	0,5
66-75	7,7	3,3	0,8
Hverfi			
Miðborg	23,8	11,5	1,9
Vesturbær, Seltjarnarnes	8,3	5,8	2,5
Hlíðar	12,9	10,5	3,0
Laugardalur, Háaleiti	10,7	8,9	2,8
Breiðholt	9,4	3,1	2,5
Árbær, Grafarholt	10,5	5,8	2,2
Grafarvogur	8,6	7,1	1,3
Kópavogur	11,1	4,3	2,7
Garðabær, Álftanes	3,1	6,3	0
Hafnarfjörður	15,7	5,7	1,4
Mosfellsbær, Kjalarnes	13,6	8,2	0

Eins og fram kemur á töflu 21 urðu tæplega 24 prósent íbúa miðbæjarins fyrir eignaskemmdum á síðustu 12 mánuðum áður en rannsóknin var framkvæmd og tæplega 12 prósent urðu fyrir ofbeldisbroti. Ekki er þó marktækur munur á reynslu af afbrotum eftir búsetu.


Þegar þátttakendur voru spurðir út í það hvort þeir hafi tilkynnt þau brot sem þeir urðu fyrir kom í ljós að meira en helmingur þeirra sem varð fyrir áðurnefndum brotum tilkynnti þau til lögreglunnar eða 53 prósent. Flestir sögðust hafa tilkynnt innbrotið eða þjófnaðinn eða rúmlega 65 prósent þátttakenda, þá sögðu 47 prósent að þeir hafi tilkynnt eignaspjöllin og 43 prósent ofbeldisbrotið.



Mynd 23. Hlutfall þeirra sem urðu fyrir innbroti eða þjófnaði, eignaspjöllum eða ofbeldi á síðustu 12 mánuðum fyrir rannsóknina og tilkynntu það til lögreglunnar.

Spurt var út í önnur samskipti þátttakenda við lögreglu á síðustu 12 mánuðum. Fram kom að auk þeirra sem urðu fyrir áðurnefndum afbrotum og tilkynntu þau til lögreglu höfðu 20 prósent þátttakenda samskipti við lögregluna af öðrum ástæðum, tæplega þriðjungur þátttakenda (29,2%) hafði því samband við lögreglu á 12 mánaða tímabili af einhverjum ástæðum.

Mynd 24 sýnir helstu ástæður annarra samskipta en tilkynning þeirra brota sem fjallað hefur verið um. Fram kemur að langtum flestir höfðu samband við lögreglu til að tilkynna um ýmis konar ólöglegt athæfi, veikindi eða annað sem varð til þess að þeir eða aðrir þörfuðust aðstoðar lögreglu. Þá var tæplega fjórðungur samskiptanna vegna afbrota ýmis konar eins og fíkniefnaneyslu, ofbeldis eða eignaspjalla. Ekki kemur á óvart að 18 prósent samskiptanna voru vegna umferðarlagabrota, bæði brota sem þátttakendur frömdu en einnig brota sem þeir urðu vitni að. Tæplega 14 prósent samskipta voru vegna umferðaróhappa



Hlutfall í %


Mynd 24. Hlutfall þeirra sem áttu samskipti við lögreglu á síðustu 12 mánuðum greint eftir ástæðu samskiptanna.



Samanburður milli svæða

Hér eru upplýsingar frá lögreglu um fjölda afbrota bornar saman á milli svæða annars vegar með því að bera saman hlutfall brota af heildarfjölda brota og hins vegar fjölda brota miðað við íbúafjölda. Kaflanum er skipt upp eftir þeim brotategundum sem skoðaðar eru í þessari skýrslu.

Hegningarlagabrot




Mynd 25. Hlutfall hegningarlagabrota af heildarfjölda brota árin 2005 og 2006, greint eftir svæðum.

Mynd 25 sýnir hlutfall hegningarlagabrota eftir svæðum. Fram kemur að hlutfallslega flest hegningarlagabrot sem tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2005 og 2006 áttu sér stað í Miðborginni eða tæplega 18 prósent brota árið 2005 og rúmlega 18 prósent brota árið 2006. Næst á eftir kemur Kópavogurinn með tæplega 14 prósent brota árið 2005 og tæplega 12 prósent árið 2006.

Áhugavert er að skoða dreifingu hegningarlagabrota eftir svæðum að teknu tilliti til íbúafjölda sem mynd 26 sýnir. Miðborgin er ekki höfð með í þessari greiningu vegna sérstöðu hennar enda sækja mun fleiri það svæði sem fellur undir Miðborgina en þeir sem þar búa og því lítil tengsl milli íbúafjölda og afbrota. Þegar þessi tengsl eru hins vegar skoðuð út frá öðrum svæðum borgarinnar kemur hins vegar í ljós að sterk tengsl eru milli fjölda hegningarlagabrota og fjölda íbúa. Fram kemur að þegar á heildina er litið er dreifing brota eftir svæðum nokkurn veginn í samræmi við fjölda íbúa. Þó má sjá að hegningarlagabrot í Laugardal eru ívið fleiri miðað við íbúafjölda en annarsstaðar og að sama skapi eru hegningarlagabrot í Hafnarfirði nokkru færri en búast hefði mátt við á svæði með svo marga íbúa.






Mynd 26. Einföld aðhvarfsgreining á dreifingu hegningarlagabrota árið 2006 eftir fjölda íbúa á hverju svæði fyrir sig.


Ofbeldisbrot

Mynd 27 sýnir dreifingu ofbeldisbrota eftir svæðum. Fram kemur að langflest brotanna áttu sér stað í Miðborginni bæði árin eða 40 prósent tilkynntra brota árið 2005 og tæplega 45 prósent árið 2006. Næst á eftir kemur Breiðholtið með átta prósent brota og Hafnarfjörður og Kópavogur með sjö prósent brota árið 2006.



Mynd 27. Hlutfall ofbeldisbrota af heildarfjölda brota árin 2005 og 2006, greint eftir svæðum.

Pegar tíðni brota er skoðuð með tilliti til íbúafjölda kemur í ljós að ekki eru tengsl á milli íbúafjölda og ofbeldisbrota enda tíðni ofbeldisbrota í Miðborg mun meiri en á öðrum svæðum. Ef Miðborgin er hins vegar tekin út (mynd 28) kemur í ljós að sterk tengsl eru milli ofbeldisbrota og fjölda íbúa í öðrum svæðum borgarinnar. Tíðni ofbeldisbrota miðað við íbúafjölda er hæst í Breiðholti, Hafnarfirði og Kópavogi en lægst á Álftanesi og á Seltjarnarnesi.




Mynd 28. Einföld aðhvarfsgreining á dreifingu ofbeldisbrota árið 2006 eftir fjölda íbúa í hverju hverfi fyrir sig.


Fíkniefnabrot

Líkt og með ofbeldisbrotin koma langtum flest þeirra fíkniefnabrota sem skráð eru hjá lögreglu upp í Miðborg eða rúmlega 26 prósent brota árið 2005 og 24 prósent brota árið 2006. Þar á eftir koma Kópavogur og Hafnarfjörður með 11 til 13 prósent fíkniefnabrota 2005 og 2006. Ekki eru tengsl á milli fíkniefnabrota og íbúafjölda þegar Miðborgin er tekin með, en ef hún er tekin út kemur í ljós að sterk tengsl eru þarna á milli í öðrum svæðum höfuðborgarsvæðisins. Þegar tekið er tillit til íbúafjölda eru fíkniefnabrot enn næst flest í Kópavogi en þar á eftir koma Hafnarfjörður og Breiðholtið. Athygli vekur að miðað við íbúafjölda eru nokkuð mörg fíkniefnabrot sem koma upp í Laugardal og Garðabæ en að sama skapi koma óvenju fá fíkniefnamál upp í Grafarvogi, Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti og Vesturbæ (mynd 29).

Afbrot á höfuðborgarsvæðinu




Mynd 29. Hlutfall fíkniefnabrota af heildarfjölda brota árin 2005 og 2006, greint eftir svæðum.



Mynd 30. Einföld aðhvarfsgreining á dreifingu fíkniefnabrota árið 2006 eftir fjölda íbúa í hverju hverfi fyrir sig.


Innbrot

Mynd 31 sýnir hlutfallslegan fjölda innbrota af heildarfjölda. Fram kemur að dreifingin er mun jafnari en þegar ofbeldis- og fíkniefnabrot eru skoðuð. Þó er Miðborgin enn í fyrsta sæti árið 2006 með 16 prósent skráðra innbrota. Þar á eftir kemur Breiðholt með 13 prósent skráðra innbrota og Laugardalur og Kópavogur með 11 prósent. Sjá má að nokkru hærra hlutfall innbrota átti sér stað í Miðborginni árið 2006 samanborið við fyrra ár en að sama skapi lækkaði hlutfall brota í Árbæ, Grafarvogi og Háaleitishverfinu.



Mynd 31. Hlutfall innbrota af heildarfjölda brota árin 2005 og 2006, greint eftir svæðum.

Mynd 32 sýnir tengsl innbrota og íbúafjölda eftir svæðum. Enn og aftur sker Miðborgin sig það mikið úr að hún er ekki höfð með hér. Þegar önnur hverfi borgarinnar eru skoðuð vekur athygli að innbrot í Laugardal eru fleiri en við mætti búast miðað við íbúafjölda og einnig í Breiðholti. Hins vegar eru innbrot í Grafarvogi og Hafnarfirði ívið færri en á öðrum svæðum með tilliti til íbúafjölda.




Mynd 32. Aðhvarfsgreining á dreifingu innbrota árið 2006 eftir fjölda íbúa í hverju hverfi fyrir sig.

Eignaspjöll

Mynd 33 sýnir hvernig eignaspjöll dreifast eftir svæðum. Fram kemur að árið 2006 áttu hlutfallslega flest eignaspjöll sér stað í Miðborginni og næst flest í Breiðholti. Þar á eftir koma Kópavogur, Grafarvogur, Laugardalur og Hafnarfjörður með átta til tíu prósent tilkynntra brota. Athygli vekur að hlutfall brota hefur vaxið milli ára í Miðborg og í Breiðholti. Þannig voru eignaspjöll í Miðborg 16 prósent brota árið 2005 en var 18 prósent brota árið 2006. Sama á við um Breiðholtið en þar áttu tæplega 11 prósent eignaspjalla sér stað árið 2005 en rúmlega 14 prósent árið 2006. Þetta þýðir að eignaspjölum fjölgaði hlutfallslega meira í þessum hverfum en á öðrum svæðum höfuðborgarsvæðisins milli áranna 2005 og 2006. Að sama skapi var fjölgun brota hlutfallslega minni í Kópavogi og Hafnarfirði milli áranna 2005 og 2006 en á öðrum svæðum borgarinnar. Þannig voru eignaspjöll í Kópavogi tæplega 15 prósent af heildarfjölda eignaspjalla árið


2005 en tæplega tíu prósent árið 2006. Eignaspjöll í Hafnarfirði voru tæplega 13 prósent af heildarfjölda brota árið 2005 en tæplega átta prósent árið 2006.



Mynd 33. Hlutfall eignaspjalla af heildarfjölda brota árin 2005 og 2006, greint eftir svæðum.

Pegar tekið er tillit til íbúafjölda í dreifingu eignaspjalla kemur í ljós að nokkuð sterk tengsl eru á milli íbúafjölda og fjölda eignaspjalla á öðrum svæðum höfuðborgarsvæðisins en Miðborg. Fram kemur að fæst eignaspjöll miðað við íbúafjölda áttu sér stað á Álftanesi, Seltjarnarnesi og í Garðabæ

en flest brot áttu sér stað í Breiðholti. Líkt og með Miðborg áttu fleiri brot sér stað í Breiðholti en við mætti búast miðað við þann íbúafjölda sem þar býr (mynd 34).




Mynd 34. Einföld aðhvarfsgreining á dreifingu eignaspjalla árið 2006 eftir fjölda íbúa í hverju hverfi fyrir sig.




Nytjastuldur

Mynd 35 sýnir hlutfall nytjastulda eftir svæðum. Fram kemur að flest brotanna árið 2006 áttu sér stað í Breiðholti, rúmlega 15 prósent brota, og í Miðborg, tæplega 14 prósent brotanna. Þá áttu 13 prósent brotanna sér stað í Kópavogi og Grafarvogi. Athygli vekja breytingar í hlutfalli brota í Kópavogi en þar áttu eingöngu níu prósent nytjastulda sér stað árið 2005. Vera má að þetta skýrist af því að ekki er um mörg brot að ræða á hverju ári og því geta tilviljanakenndar sveiflur verið nokkrar.



Mynd 35. Hlutfall nytjastulda af heildarfjölda brota árin 2005 og 2006, greint eftir svæðum.




Mynd 36. Einföld aðhvarfsgreining á dreifingu nytjastulda árið 2006 eftir fjölda íbúa í hverju hverfi fyrir sig.

Mynd 36 sýnir dreifingu nytjastulda eftir svæðum þegar tekið hefur verið tillit til íbúafjölda. Fram kemur að tengsl eru milli fjölda nytjastulda og íbúafjölda jafnvel þó Miðborg sé tekin með. Þó kemur fram að mun fleiri nytjastuldir eiga sér stað í Miðborg en við mætti búast miðað við íbúafjölda. Sama á við um fjölda brota í Breiðholti og Grafarvogi.


Árið 2006 voru nytjastuldir hins vegar fæstir miðað við íbúafjölda á Álfanesi og Seltjarnarnesi.

Kynferðisbrot



Mynd 37. Hlutfall kynferðisbrota af heildarfjölda brota árin 2005 og 2006, greint eftir svæðum.

Mynd 37 sýnir dreifingu kynferðisbrota árin 2005 og 2006. Fram kemur að miklar sveiflur eru á milli ára enda jafnan erfitt að tengja kynferðisbrot við ákveðinn vettvang. Sama kemur í ljós þegar fjöldi kynferðisbrota er skoðaður miðað við íbúafjölda en þar eru lítil tengsl á milli (mynd 38).



Mynd 38. Einföld aðhvarfsgreining á dreifingu kynferðisbrota árið 2006 eftir fjölda íbúa í hverju hverfi fyrir sig.



Samantekt

Í þessari skýrslu hafa verið dregnar saman ólíkar tegundir upplýsinga um brot á höfuðborgarsvæðinu eftir svæðum og leitast þannig við að fá innsýn í þær mismunandi aðstæður sem eru til staðar á hverju svæði fyrir sig. Fram kemur að í flestum tilvikum sker Miðborg sig úr hvað varðar tíðni brota. Þannig áttu 18 prósent hegningarlagabrota sér stað á svæðinu árið 2006, tæplega 45 prósent ofbeldisbrota, 24 prósent fíkniefnabrota, 16 prósent innbrota og 18 prósent eignaspjalla. Hlutfallslega flestir nytjastuldir áttu sér hins vegar stað í Breiðholti (15%). Það að flest brot eigi sér stað á ákveðnum svæðum er ekki sér íslenskt fyrirbæri enda hafa erlendar rannsóknir sýnt að afbrot dreifast jafnan ekki tilviljanakennt milli svæða heldur hafa ýmsir þættir þar áhrif svo sem takmarkað eftirlit og tækifæri (Felson og Clarke, 1998; Shaw og Mckey, 1942).

Félags- og lýðfræðilegar breytur hafa einnig áhrif á dreifingu brota en fram kemur að sterk tengsl eru á milli dreifingar brota og íbúafjölda á svæðum að Miðborginni frátalinni. Þannig kemur fram að hátt hlutfall brota í Kópavogi skýrist að huta af því að Kópavogur er fjölmennasta svæði umdæmisins.

Þegar þolendarannsóknin er skoðuð kemur fram að flestir sögðu innbrot vera mesta vandamálið í sínu hverfi eða tæplega 33 prósent. Þá nefndu næst flestir umferðarlagabrot (25%) og eignaspjöll (20%). Ekki er munur á viðhorfum karla og kvenna til þess hvaða afbrot er mesta vandamálið en þeir sem yngri eru voru líklegastir til að nefna umferðarlagabrot sem mesta vandamálið en þeir sem eldri eru nefna frekar innbrot.

Umferðarlagabrot voru íbúum Hlíðahverfis, Árbæjar og Grafarholts ofarlega í huga. Íbúar í Vesturbæ og Seltjarnarnesi töldu hins vegar innbrot vera mesta vandamálið í sínu hverfi og sama sögðu íbúar í Grafarvogi, Mosfellsbæ og Kjalarnesi og í Garðabæ og á Álftanesi.

Þessi niðurstaða er áhugaverð í ljósi upplýsinga frá lögreglu. Þar kemur fram að innbrot eru einna fátíðust á Seltjarnarnesi og áttu innan við tvö prósent allra innbrota á höfuðborgarsvæðinu sér stað þar árin 2005 og 2006. Þetta sést enn betur þegar tekið er tillit til íbúafjölda en þá kemur í ljós að innbrot eru í raun fátíðari á Seltjarnarnesi en við mætti búast miðað við fjölda íbúa á svæðinu. Svipaða sögu er að segja af Vesturbæ. Þar

er þó nokkru hærra hlutfall innbrota framið en á Seltjarnarnesi en þrátt fyrir það eru færri innbrot framin á svæðinu en búast mætti við miðað við þann fjölda íbúa sem þar er búsettur.

Eignaspjöll var sá brotaflokkur sem íbúar Breiðholts töldu vera mesta vandamálið í sínu hverfi en um 28 prósent þátttakenda búsettir í Breiðholti töldu svo vera. Þetta passar vel við gögn lögreglu sem sýna að árið 2006 áttu næst flest eignaspjöll á höfuðborgarsvæðinu sér stað í Breiðholti. Að sama skapi eru eignaspjöll nokkru fleiri í Breiðholti en við mætti búast þegar tekið er tillit til íbúafjölda.

Þátttakendur voru almennt ánægðir með störf lögreglu í sínu hverfi til að stemma stigu við afbrotum. Sé litið til viðhorfa eftir svæðum borgarinnar þá voru þátttakendur búsettir í Árbæ og Grafarholti einna ánægðastir með störf lögreglunnar í sínu hverfi sem er áhugavert í ljósi þess að afbrot eru ekki fátíðari á þessum svæðum en öðrum þegar tekið er tillit til íbúafjölda. Hins vegar kemur ekki á óvart að þátttakendur búsettir í Miðborginni voru líklegastir til að vera óánægðir með störf lögreglu í sínu hverfi enda allar þær tegundir afbrota sem skoðaðar voru algengastar í Miðborginni og tíðni þeirra í raun mun meiri en hefði mátt ætla miðað við íbúafjölda.

Rúmlega 44 prósent þeirra sem tóku afstöðu töldu lögregluna hæfilega sýnilega í sínu hverfi en rúmlega 55 prósent töldu hana mega sjást meira eða mun meira í hverfinu. Nokkur munur var á viðhorfi karla og kvenna, en konur vildu almennt hafa lögregluna sýnilegri en karlar. Sama má segja um mun á viðhorfum eftir aldri en þeir sem eldri eru voru líklegri til að segja að lögregla ætti að vera sýnilegri en þeir sem yngri eru.

Íbúar í Breiðholti eru þeir íbúar höfuðborgarsvæðisins sem telja lögreglu mega vera sýnilegri og sama sögðu íbúar Garðabæjar og Álftaness og Mosfellsbæjar og Kjalarness. Hins vegar voru íbúar Miðborgarinnar líklegastir til að segja lögreglu hæfilega sýnilega sem í raun vekur athygli í ljósi þess að íbúar á þessu svæði eru síst ánægðir með störf hennar í sínu hverfi við að stemma stigu við afbrotum. Þeir virðast hins vegar ekki telja að aukinn sýnileiki lögreglunnar geti bætt þar úr.

Þátttakendur voru spurðir út í eigið öryggi þegar þeir eru einir á gangi að næturlagi og ótta við að verða fyrir afbroti. Þegar skoðað er hversu öruggt fólk telur sig vera eitt á gangi að næturlagi í sínu eigin hverfi kemur að ljós að mikill meirihluti þátttakenda, eða rúmlega 90 prósent, eru mjög

eða frekar öruggir við þessar aðstæður. Líkt og í fyrri rannsóknum kemur í ljós að konur eru hræddari við að vera einar á gangi en karlar (Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, 2001; Rannveig Þórisdóttir o.fl., 2005), en ekki er munur eftir aldri.

Ef skoðað er hvernig upplifun fólks er á öryggi eftir svæðum sést að íbúar Grafarvogs telja sig einna öruggasta á gangi í sínu hverfi en íbúar Breiðholts og Miðborgar telja sig hins vegar einna óöruggasta á gangi eftir að myrkur er skolið á. Þetta passar ágætlega við þá brotaflokkana sem hér eru skoðaðir því í flestum flokkum eru afbrot einna tíðust í Miðborg eða í Breiðholti en fátíðust í Grafarvogi (undantekningin á þessu er tíðni eignaspjalla og nytjastulda). Athygli vekur að tengsl eru á milli fjölda hegningarlagabrota í hverfi og fjölda þeirra sem segjast mjög óöruggir en tenglsin hverfa hins vegar þegar þeir sem eru frekar óöruggir eru teknir með. Vera má að þetta skýrist af því að ótti þeirra sem eru mjög óöruggir grundvallast á þekkingu á tíðni brota í hverfinu en að hins vegar skýrist ótti þeirra sem eru frekar óöruggir af öðrum þáttum til viðbótar. Þetta passar við fyrri rannsóknir sem hafa bent til þess að fleiri þættir en afbrot hafi áhrif á mat á eigin öryggi (Balvig, 1990)

Enda þótt þátttakendur væru almennt öruggir einir á gangi að næturlagi í sínu hverfi þá voru mun færri öruggir við sömu aðstæður í miðborg Reykjavíkur. Karlar töldu sig vera mun öruggari en konur við fyrrgreindar aðstæður og yngri aldurshóparnir telja sig vera öruggari en þeir sem eldri eru. Athygli vekur að töluverður munur er á upplifun fólks á öryggi í miðborg Reykjavíkur eftir því í hvaða hverfi það býr. Íbúar Garðabæjar töldu sig vera einna óöruggasta á gangi í miðborg Reykjavíkur eftir að myrkur væri skolið á. Íbúar Miðborgarinnar voru hins vegar líklegastir til að segjast mjög eða frekar öruggir þar. Yfirleitt má segja að íbúar þeirra hverfa sem liggja að miðborginni telji sig almennt vera öruggari á gangi á svæðinu eftir að myrkur er skolið á en íbúar þeirra hverfa sem lengra eru frá miðbænum.

Til að skoða ótta við afbrot nánar voru þátttakendur spurðir út í það hvort aðstæður hefðu einhverntímann verið þannig hjá þeim árið 2006 að þeir teldu líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti hér á landi. Í heildina sögðu rúmlega 13 prósent þátttakenda svo vera. Þetta hlutfall er mun lægra en hlutfall þeirra sem segjast óöruggir einir á gangi í miðborg Reykjavíkur.

Vísar þetta til þess að sá ótti sem þátttakendur tala um sé aðeins huglægur en lýsi ekki raunverulegum ótta við að verða fyrir broti.

Pegar þátttakendur voru spurðir út í það hvaða afbroti þeir óttuðust seinast að verða fyrir nefndu flestir innbrot eða tæplega 42, rúmlega 32 prósent nefndu ofbeldi eða líkamsárás og rúmlega níu prósent eignaspjöll eða skemmdarverk. Mun færri nefndu önnur brot. Athygli vekur að ekki er samband milli tíðni brota og þess hvaða brot þátttakendur óttast mest. Þannig eru eignaspjöll mun algengari en innbrot og ofbeldisbrot en einungis lítill hluti þátttakenda nefndu eignaspjöll sem það brot sem þeir óttuðust seinast að verða fyrir.

Þátttakendur voru spurðir út í reynslu af innbroti/þjófnaði, ofbeldi eða eignaskemmdum á síðustu 12 mánuðum áður en rannsóknin var framkvæmd. Fram kom að tæplega 18 prósent þátttakenda hafði orðið fyrir einu eða fleirum af áður töldum afbrotum. Flestir höfðu orðið fyrir eignaskemmdum eða tæplega 12 prósent þátttakenda, þar á eftir voru það innbrot eða þjófnaður en tæplega sjö prósent þátttakenda höfðu orðið fyrir þessum brotum. Meira en helmingur þátttakenda sagðist hafa tilkynnt brotið til lögreglu og er hlutfallið svipað og fram hefur komið í fyrri rannsóknum (Rannveig Þórisdóttir o.fl., 2006).

Í rannsókninni var einnig spurt um önnur samskipti við lögreglu. Fram kom að um þriðjungur þátttakenda (29,2%) hafði samband við lögreglu á 12 mánaða tímabili af einhverjum ástæðum. Flestir höfðu samband við lögreglu til að tilkynna um ýmis konar ólöglegt athæfi, veikindi eða annað sem varð til þess að þeir eða aðrir þörfuðust aðstoðar lögreglu. Þá var tæplega fjórðungur samskiptanna vegna afbrota ýmis konar eins og fíkniefnaneyslu, ofbeldis eða eignaspjalla.

Pegar gögn lögreglu eru skoðuð í ljósi íbúafjölda kemur í ljós að nokkuð sterk tengsl eru á milli þessara tveggja þátta í nánast öllum svæðum borgarinnar að Miðborginn frátalinni. Einnig koma fram tengsl milli tíðni brota og félagslegrar aðstoðar á svæðum. Hafa ber í huga að hér er eingöngu einfalt samband skoðað og því þarf að fara varlega í að álykta of mikið út frá þessum niðurstöðum enda líklegt að fleiri þættir en íbúafjöldi og félagsleg aðstoð skýri dreifingu brota á höfuðborgarsvæðinu.

Í heildina vekur athygli hversu mismunandi sýn íbúa á höfuðborgarsvæðinu er til afbrota á sama tíma og flest brot sem tilkynnt eru til lögreglu eiga sér stað á litlu svæði. Þessi niðurstaða bendir til þess

að það er ekki eingöngu raunveruleg staða sem skiptir máli þegar kemur að viðhorfum almennings, þar skipta aðrir þættir einnig miklu máli svo sem ímynd og umræða. Í næstu rannsóknum er því mikilvægt að spyrja nánar út í þessa þætti til að skilja samspil þessara þátta við raunverulega stöðu brota innan svæðanna.



Heimildir

- Balvig, F. (1990). Fear of Crime in Scandinavia - New Reality, New Theory? Í Annika Snare (ritstj.), *Criminal Violence in Scandinavia*. Scandinavian Studies in Criminology, 11. Oslo: Norwegian University Press.
- Catalano, S. (2004). *Criminal Victimization 2003*. Washington, DC: Bureau of Justice Statistics.
- Cohen, S. (1980). *Folk Devils and Moral Panics* (2. útgáfa). Oxford: Basil Blackwell.
- Ditton, J., Chadee, D., Farall, S., Gilchirst, E., og Bannister, J. (2004). From Imitation to Intimidation. A note on the Curious and Changing Relationship between the Media, Crime and Fear of Crime. *The British Journal of Criminology*, 44(4), 595-610.
- Felson, M. & Clarke, R.V. (1998). *Opportunity Makes the Thief. Police Research Series, Paper 98 [rafræn útgáfa]*. Policing and Reducing Crime Unit, Research, Development and Statistics Directorate.. London: Home Office.
- Glick, L. (2005). *Criminology*. Boston: Pearson Education, Inc.
- Gunnlaugsson, H. og Galliher, J.F. (2000). *Wayward Icelanders: Punishment, Boundary Maintenance and the Creation of Crime*. Madison: University of Wisconsin Press.
- Hagstofa Íslands. (2007). Mannfjöldi eftir sveitarfélagi, kyni og aldri 31. desember 1997-2006 sótt 20.06.2007 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=624&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN02001%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+sveitarf%E9lagi%2C+kyni+og+aldri+31%2E+desember+1997%2D2006+%26path=../Database/mannfjoldi/Sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fjoldi>
- Ho, T. og McKean, J. (2004). Confidence in the Police and Perceptions of Risk Western *Criminology Review* 5(2), 108-118.
- Lewis, D.A. og Salem, G. (1986). *Fear of Crime: Incivility and the Production of a Social Problem*. New Brunswick, N.J.: Transaction Books.
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Rannveig Þórisdóttir. (2001). *Afbrot og öryggi: Viðhorf íbúa umdæmis lögreglustjórans í Reykjavík*. Reykjavík: Lögreglustjórinn í Reykjavík og Borgafræðasetur.


- Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir. (2005). *Brotapolar, lögreglan og öryggi borgaranna*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórnin og Háskólaútgáfan.
- Roberts, J.V. og Stalans, L.J. (1997). *Public Opinion, Crime, and Criminal Justice*. Boulder: Westview Press.
- Rosenbaum, D.P. og Heath, L. (1990). The “Psycho-Logic” of Fear-Reduction and Crime-Prevention Programs. Í J. Edwards o.fl. (ritstj.), *Social Influence and Prevention*. New York: Plenum.
- Shaw, C.R. og Mckay, H.D. (1942). *Juvenile Delinquency and Urban Areas*. Chicago: University of Chicago Press.
- Siegel, L.J. (2004). *Criminology: Theories, Patterns and Typologies. Eighth Edition*. Belmont: Thomson Wadsworth.
- Skogan, W. (2000a). Fear of Crime and Neighborhood Change. Í Albert. J. Reiss, Jr. og Mikael Tonry (ritstj.), *Communities and Crime*. Chicago: The University of Chicago Press.
- Skogan, W. (2000b). The Impact of Victimization on Fear. Í Jason Ditton og Stephen Farall, *The Fear of Crime*. Aldershot: Ashgate.
- Surette, R. (1992). *Media, Crime and Criminal Justice*. Pacific Grove, Calif.: Brooks/Cole.
- Zedner, L. (1997). Victims. Í M. Maguire, R. Morgan og R. Reiner (ritstj.). *The Oxford Handbook of Criminology* (2. útgáfa). Oxford: Clarendon Press.
- Witzwe, R. og Kubrin, C., E. (2004). Breaking News: How local TV News and real-world conditions affect fear of crime. *Justice Quarterly*, 21(3), 497-520.

Viðauki

Hér eru teknar saman nánari upplýsingar um hverfin. Teknar hafa verið saman upplýsingar um efnahagsstöðu og einnig eru birtar upplýsingar um fjölda brota miðað við íbúafjölda eftir svæðum.


Efnahagsstaða

Samkvæmt ýmsum rannsóknum hefur efnahagsleg staða hverfa áhrif á tíðni afbrota, þ.e. eftir því sem efnahagsstaða hverfis er lakari því líklegra er að tíðni afbrota og frávikshæðunar sé hærri. Hér fyrir neðan eru upplýsingar um ýmsa þætti sem gefa til kynna efnahagsstöðu hverfis þó ekki sé um algildan mælikvarða að ræða gefa þessir þættir vísbendingu um hver staða hverfisins er.




Mynd v1. Meðalatvinnutekjur í þúsundum króna greint eftir svæðum svæðum fyrir árið 2005.


Á mynd v1. sést að Miðborgin og Breiðholt eru þau hverfi sem hafa hvað lægstar meðal atvinnutekjur árið 2005. Ef skoðuð er síðan tíðni þeirra afbrota sem hér hafa verið til umfjöllunar kemur í ljós að um þriðjungur allra afbrota á höfuðborgarsvæðinu er framinn í þessum tveimur svæðum.



Mynd v2. Hlutfall íbúa sem fengu fjárhagslega aðstoð frá félagsþjónustu, greint eftir svæðum.




Mynd v3. Hlutfall félagslegra íbúða greint eftir svæðum.




Mynd v4. Hlutfall íbúa sem fengu fjárhagsaðstoð og hlutfall afbrota eftir svæðum.


Fjöldi brota miðað við íbúafjölda



Mynd v5. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa í Vesturbæ árin 2005 og 2006 greint eftir brotaflokki.




Mynd v6. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa í Miðborg árin 2005 og 2006, greint eftir tegund brots.




Mynd v7. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa í Hlíðum árin 2005 og 2006, greint eftir brotaflokkki.


Afbrot á höfuðborgarsvæðinu




Mynd v8. Hlutfall tilkynntra brota í Laugardal af heildarfjölda brota 2005 og 2006, greint eftir brotaflokki.



Mynd v9. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa í Håaleiti árin 2005 og 2006, greint eftir brotaflokki.




Mynd v10. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa í Árbæ árin 2005 og 2006, greint eftir brotaflokki.




Mynd v11. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa í Grafarholti og Norðlingaholti árin 2005 og 2006, greint eftir brotaflokki.


Afbrot á höfuðborgarsvæðinu




Mynd v12. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa í Breiðholti árin 2005 og 2006, greint eftir brotaflokkum.



Mynd v13. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa í Grafarvogi árin 2005 og 2006, greint eftir brotaflokkum.




Mynd v14. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa á Seltjarnarnesi árin 2005 og 2006, greint eftir brotaflokk.




Mynd v15. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa í Mosfellsbæ og á Kjalarnesi árin 2005 og 2006, greint eftir brotaflokk.


Afbrot á höfuðborgarsvæðinu




Mynd v16. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa í Kópavogi árin 2005 og 2006, greint eftir brotaflokkum.



Mynd v17. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa í Garðabæ árin 2005 og 2006, greint eftir brotaflokkum.



Mynd v18. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa á Álftanesi árin 2005 og 2006.



Mynd v19. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa í Hafnarfirði árin 2005 og 2006, greint eftir brotaflokki.

Fjöldi brota og hlutfall

Hér eru upplýsingar um fjölda brota eftir svæðum og hlutfallslegri dreifingu þeirra.

Tafla v1. Fjöldi og hlutfall af heildarfjölda hegningarlaga brota eftir svæðum 2005 og 2006.

	2005		2006	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Álftanes	28	0,4	19	0,2
Árbær	409	5,3	521	5,4
Breiðholt	773	10,0	1062	11,0
Garðabær	225	2,9	268	2,8
Grafarholt	90	1,2	89	0,9
Grafarvogur	484	6,3	658	6,8
Hafnarfjörður	618	8,0	725	7,5
Háaleiti	609	7,9	707	7,3
Hlíðar	380	4,9	578	6,0
Annað	233	3,0	229	2,4
Kjalarnes	30	0,4	27	0,3
Kjósahreppur	2	0,0	5	0,1
Kópavogur	1.055	13,6	1.110	11,5
Laugardalur	820	10,6	907	9,4
Miðborg	1.357	17,5	1.757	18,2
Mosfellsbær	138	1,8	245	2,5
Seltjarnarnes	93	1,2	122	1,3
Úlfarsfell	5	0,1	5	0,1
Vesturbær	393	5,1	632	6,5
Samtals	7.742	100	9.666	100

Tafla v2. Fjöldi og hlutfall af heildarfjölda ofbeldisbrota eftir svæðum 2005 og 2006.

	2005		2006	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Álftanes	6	0,9	2	0,2
Árbær	19	2,7	20	2,4
Breiðholt	57	8,2	68	8,2
Garðabær	18	2,6	20	2,4
Grafarholt	5	0,7	9	1,1
Grafarvogur	22	3,2	48	5,8
Hafnarfjörður	32	4,6	58	7,0
Háaleiti	42	6,1	48	5,8
Hlíðar	28	4,0	47	5,7
Kjalarnes	2	0,3	0	0,0
Kópavogur	54	7,8	54	6,5
Laugardalur	37	5,3	44	5,3
Miðborg	308	44,5	333	40,2
Mosfellsbær	6	0,9	20	2,4
Seltjarnarnes	6	0,9	8	1,0
Vesturbær	32	4,6	39	4,7
Annað	18	2,6	11	1,3
Samtals	692	100,0	829	100,0

Tafla v3. Fjöldi og hlutfall af heildarfjölda fíkniefnabrota eftir svæðum 2005 og 2006.

	2005		2006	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Álftanes	8	0,7	6	0,4
Árbær	24	2,2	48	3,4
Breiðholt	104	9,4	147	10,5
Garðabær	48	4,3	66	4,7
Grafarholt	5	0,5	1	0,1
Grafarvogur	101	9,1	77	5,5
Hafnarfjörður	128	11,5	164	11,7
Háaleiti	61	5,5	74	5,3
Hlíðar	49	4,4	63	4,5
Kjalarnes	8	0,7	3	0,2
Kjósahreppur	0	0,0	1	0,1
Kópavogur	122	11,0	187	13,4
Laugardalur	76	6,8	104	7,4
Miðborg	293	26,4	331	23,7
Mosfellsbær	9	0,8	26	1,9
Seltjarnarnes	3	0,3	8	0,6
Úlfarsfell	1	0,1	0	0,0
Vesturbær	40	3,6	45	3,2
Annað	31	2,8	47	3,4
Samtals	1.111	100,0	1.398	100,0

Tafla v4. Fjöldi og hlutfall af heildarfjölda innbrota eftir svæðum 2005 og 2006.

	2005		2006	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Álftanes	5	0,3	5	0,3
Árbær	155	8,8	108	5,6
Breiðholt	226	12,8	246	11,9
Garðabær	45	2,6	69	3,6
Grafarholt	37	2,1	24	1,3
Grafarvogur	130	7,4	107	5,6
Hafnarfjörður	121	6,9	137	7,2
Háaleiti	129	7,3	104	5,4
Hlíðar	111	6,3	116	6,0
Kjalarnes	8	0,5	5	0,3
Kjósahreppur	1	0,1	5	0,3
Kópavogur	201	11,4	210	11,0
Laugardalur	194	11,0	218	11,4
Miðborg	194	11,0	304	16,0
Mosfellsbær	32	1,8	63	3,3
Seltjarnarnes	24	1,4	30	1,6
Úlfarsfell	0	0,0	3	0,2
Vesturbær	129	7,3	125	8,3
Annað	19	1,1	18	0,9
Samtals	1761	100,0	1910	100,0

Tafla v5. Fjöldi og hlutfall af heildarfjölda eignaspjalla eftir svæðum 2005 og 2006.

Svæði	2005		2006	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Álftanes	9	0,6	7	0,3
Árbær	63	4,4	105	4,6
Breiðholt	151	10,6	328	14,2
Garðabær	57	4,0	55	2,4
Grafarholt	14	1,0	34	1,5
Grafarvogur	100	7,0	190	8,2
Hafnarfjörður	184	12,9	175	7,6
Háaleiti	87	6,1	151	6,5
Hlíðar	72	5,1	138	6,0
Kjalarnes	4	0,3	12	0,5
Kjósahreppur	1	0,1	0	0,0
Kópavogur	213	14,9	224	9,7
Laugardalur	101	7,1	180	7,8
Miðborg	230	16,1	415	18,0
Mosfellsbær	39	2,7	76	3,3
Seltjarnarnes	19	1,3	28	1,2
Úlfarsfell	2	0,1	2	0,1
Vesturbær	52	3,6	172	7,5
Annað	27	1,9	15	0,7
Samtals	1.425	100,0	2.307	100,0

Tafla v6. Fjöldi og hlutfall af heildarfjölda nytjastulda eftir svæðum 2005 og 2006.

Svæði	2005		2006	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Álftanes	1	0,4	0	0,0
Árbær	19	8,0	19	5,2
Breiðholt	36	15,2	51	13,9
Garðabær	6	2,5	16	4,4
Grafarholt	2	0,8	3	0,8
Grafarvogur	29	12,2	48	13,1
Hafnarfjörður	11	4,6	23	6,3
Háaleiti	13	5,5	18	4,9
Hlíðar	15	6,3	22	6,0
Kjalarnes	2	0,8	0	0,0
Kópavogur	21	8,9	49	13,4
Laugardalur	27	11,4	31	8,4
Miðborg	32	13,5	50	13,6
Mosfellsbær	3	1,3	12	3,3
Seltjarnarnes	2	0,8	4	1,1
Úlfarsfell	2	0,8	0	0,0
Vesturbær	9	3,8	16	4,4
Annað	7	3,0	5	1,4
Samtals	237	100,0	367	100,0

Tafla v7. Fjöldi og hlutfall af heildarfjölda kynferðisbrota eftir svæðum 2005 og 2006.

Svæði	2005		2006	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Árbær	5	3,6	6	4,1
Breiðholt	15	10,9	16	10,8
Garðabær	2	1,5	2	1,4
Grafarholt	0	0,0	1	0,7
Grafarvogur	10	7,3	12	8,1
Hafnarfjörður	13	9,5	14	9,5
Háaleiti	13	9,5	10	6,8
Hlíðar	4	2,9	12	8,1
Kjalarnes	0	0,0	1	0,7
Kópavogur	17	12,4	7	4,7
Laugardalur	6	4,4	21	14,2
Miðborg	28	20,4	21	14,2
Mosfellsbær	1	0,7	4	2,7
Seltjarnarnes	1	0,7	4	2,7
Vesturbær	14	10,2	6	4,1
Annað	8	5,8	11	7,4
Samtals	137	100,0	148	100,0

Svæðisstöðvar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu

Miðborg, Hlíðar, Háaleiti og
Laugardalur
Hverfisgötu 113 -115
105 Reykjavík

Breiðholt, Árbær, Grafarholt og
Norðlingaholt
Álfabakka 12
109 Reykjavík

Hafnarfjörður og Álftanes
Flatahrauni 11
220 Hafnarfirði

Grafarvogur
Langaríma 21
112 Reykjavík

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Mosfellsbær og Kjalarnes
Völuteigi 8
270 Mosfellsbæ

Kópavogur
Dalvegi 18
201 Kópavogi

Seltjarnarnes og Vesturbær
Eiðistorgi 17
170 Seltjarnarnesi